



Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu



Ársskýrsla

Starfsárið 2025-2026



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns.....	2
Aðalfundur SFV 2026	4
Stefnumótunarfundur SFV 2026.....	4
Stjórn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2025-2026.....	5
Skrifstofa og starfsfólk SFV.....	6
Aðildarfélög SFV 2025-2026	7
Fundargerð aðalfundar SFV 2025	8
Molar úr starfi SFV starfsárið 2025-2026.....	13
Málbrú	19
Núgildandi lög SFV	24
Fundarboð aðalfundar 2026	28
Tillögur að lagabreytingum lagðar fram á aðalfundi 2026	29
Greinargerð með tillögum að lagabreytingum 2026.....	33
Ársreikningur Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2025	35

Ávarp stjórnarformanns

Nú höfum við lokið stóru og mikilvægu ári í starfi SFV og aðildarfélaganna samtakanna. Eins og undanfarin ár hefur náðst góður árangur í mörgum málum en í öðrum málum er vinna framundan við að ná markmiðum SFV og aðildarfélaganna.

Einn mikilvægasti þátturinn í starfi samtakanna er að standa fyrir hagsmuni aðildarfélaganna og þjónustuþega þeirra í samskiptum við stjórnvöld og Alþingi. Þetta felur í sér umsagnir og eftirfylgni þingmála og mála í Samráðsgátt stjórnvalda, setu í starfshópum og nefndum á vettvangi stjórnvalda, tillögugerð til stjórnvalda og almenna hagsmunagæslu. Á þessu sviði hefur árið verið viðburðaríkt og SFV komið að stórum málum sem breyta munu miklu í starfsumhverfi aðildarfélaganna samtakanna. Þar má t.d. nefna árangur varðandi greiðslur til aðildarfélaganna en þar náðust tveir stórir áfangar á árinu. Í fyrsta lagi þegar fjárveitingar til allra hjúkrunarheimila landsins voru hækkaðar um tæpan milljarð í heildina til að mæta kostnaði við samkomulag sem batt enda á kjaradeilu SFV og Eflingar. Þær hækkunir komu ekki bara til hjúkrunarheimila á starfssvæði Eflingar, heldur allra hjúkrunarheimila landsins. Þá var ánægjulegt að sjá að í fjárlögum ársins 2026 var að finna stærstu heildarhækkun fjárveitinga til endurhæfingarstofnana í áraraddir.

Auk þessara mála komu SFV að fjölda mála á vettvangi stjórnvalda með umsögnum, setu í starfshópum og almennt í samskiptum við stjórnvöld. Þar má t.d. nefna vinnu við aðgerðaáætlun um mönnun hjúkrunarheimila, fjárlög, fjármálaáætlun, endurskoðun á færni og heilsumatsferlinu, framtíðar starfsumhverfi dagdvala, mats- og greiðslukerfi hjúkrunarheimila, lög um beitingu nauðungar, innra eftirlit heilbrigðisstofnana, stafræna heilsu, rýnihóp um hvítbók um endurhæfingu stjórnvalda, breytingu á lögum um sjúkratryggingar, ferli um innlagnir á hjúkrunarheimili og starfshóp um rekstrartilkynningar.

Samtökin sjá um að gera rammisamning fyrir hjúkrunarheimilin við Sjúkratryggingar Íslands og hefur það verið stórt verkefni á árinu. Samningar voru framlengdir um 9 mánuði í september sl. og fylgdi þeirri framlengingu verkáætlun um mál sem Sjúkratryggingar Íslands, SFV og Samband íslenskra sveitarfélaga voru sammála um að klára í sameiningu. Þar er að finna mál sem unnið er að því að klára að semja um, eins og sjúkratryggingarréttindi einstaklinga; innheimtuhlutverk hjúkrunarheimila; endurskoðun einingarverðs m.t.t. hækkunar kostnaðar vegna sjúkraflutninga, blóð og veirurannsóknna, hjálpartækja og sjúklingatrygginga; úrræði fyrir einstaklinga með alvarlegar hegðunarraskanir og ungt fólk á hjúkrunarheimilum auk fleiri mála.

Eitt stærsta baráttumál samtakanna undanfarin ár hefur verið að ná því fram að þau aðildarfélög samtakanna sem koma með húsnæði inn í þjónustu sína, fái greiddar fullar leigugreiðslur frá ríkinu fyrir það, í þeim tilgangi að tryggja fullnægjandi viðhald og uppbyggingu húsnæðis. Á starfsárinu var gefin út viljayfirlýsing af hálfu félags- og húsnæðismálaráðherra um að leigugreiðslur til hjúkrunarheimila hefjist um mitt ár 2027 og var sú yfirlýsing fylgiskjal með framlengingu þjónustusamninga hjúkrunarheimila. Nú er mikilvægt að stjórnvöld standi við þau fyrirheit fyrir hjúkrunarheimilin og hvetja samtökin til þess. Hið sama á við um endurhæfingarstofnanir og dagdvalir, þar hvetja SFV stjórnvöld einnig til að standa við gefin fyrirheit og klára að innleiða leigugreiðslur til þess að þjónustuveitendur geti haldið húsnæði sínu við og byggt þannig upp þjónustu sína í viðunandi húsnæði.

Árið einkenndist einnig af mikilli vinnu í kjaramálum. Þar lauk langri kjaradeilu SFV og Eflingar með undirritun innanhússtíllögu Ríkissáttasemjara. Í framhaldi af því var gengið frá uppfærslu á stofnanasamningi við Hlíf/VSEK. Þá voru einnig gerðir nýir stofnanasamningar við SLFÍ. Auk þessa var unnið að ýmsum málum sem nýgerðir kjarasamningar komu í gang. Sérstaklega er tilefni til að minnst á að nýlega var tekin ákvörðun á vettvangi stjórnar SFV að stefna að því að stofnanasamningar við helstu viðsemjendur SFV verði sameiginlegir og að SFV taki að sér gerð þeirra fyrir aðildarfélögin. Unnið hefur verið að því og bera SFV miklar vonir til þess að með þessu náist fram miklar úrbætur á stofnanasamningum geirans til framtíðar.

Á vettvangi samtakanna fer einnig fram mikilvægt innra starf, sem vilji stjórnar stendur til að efla á næstu árum og er mikið fjallað um það í drögum að nýrri stefnu samtakanna. Dæmi um slíkt innra starf er Málbrú, sem er stórt verkefni um eflingu íslenskukennslu á hjúkrunarheimilum sem unnið hefur verið í á árinu. Þar

má einnig nefna öflugt starf Fagráðs hjúkrunarstjórnenda, dagdvalahóps SFV, félagsfunda endurhæfingarstofnana og fleira. Þá má ekki gleyma öflugum starfi persónuverndarfulltrúa SFV með þeim aðildarfélögum sem eru í persónuverndaraðild að samtökunum.

Á vettvangi stjórnar var einnig mikil áhersla á úrbætur á innra starfsumhverfi samtakanna. Þannig hélt stjórn áfram með stefnumótunarferlið sem hófst formlega á síðasta aðalfundi. Það hefur skilað sér í drögum að nýrri stefnu SFV sem til umræðu verður á sérstökum stefnumótunarfundi sem haldinn verður í beinu framhaldi af aðalfundi samtakanna í dag. Þá var unnið að endurskoðun á fyrirkomulagi kosninga SFV og fyrirkomulagi aðildargjalda samtakanna, sem skilaði sér í lagabreytingartillögum sem lagðar eru fram á aðalfundi samtakanna. Á árinu var einnig klárað að koma nýjum siðareglum samtakanna í framkvæmd, sem samþykkt voru á síðasta aðalfundi. Þær breytingar urðu svo hjá samtökunum á starfsárinu að Pétur Magnússon lauk störfum í stjórn og sem forstjóri Reykjalundar, og er honum þakkað fyrir störf sín á vettvangi samtakanna.

Þegar ég horfi yfir árið sé ég bæði mikinn árangur og mál þar sem við viljum ná enn betri árangri og eru það mun fleiri mál en mögulegt er að nefna í stuttu ávarpi mínu. Fyrir greinargóða yfirferð á starfinu þá bendi ég aðildarfélögum á að skoða yfirferð yfir starfið í ársskýrslu samtakanna.

Ég vil nota tækifærið hér og þakka Sigurjóni Norberg Kjærnested, framkvæmdarstjóra samtakanna, fyrir algerlega frábært starf á árinu og ég veit að þið takið undir með mér þar. Ég vil einnig þakka Gunnhildi, Heiðu, Karli, Lovísu og Rebekku fyrir frábært starf. Eins og þið vitið þá eru þetta örlítill skrifstofa sem sinnir stórum samtökum og enn stærri málum.

Að síðustu vil ég þakka fyrir þann velvilja sem samtökin hafa fundið fyrir frá stjórnvöldum á starfsárinu og koma á framfæri vilja SFV til þess að gott samstarf við stjórnvöld haldi áfram og eflist enn frekar.

María Fjóra Harðardóttir,
stjórnarformaður SFV

Aðalfundur SFV 2026

Þriðjudaginn 28. apríl 2026 kl. 13:00, haldinn í VOX Club, Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

Dagskrá:

Hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt lögum SFV

Önnur mál

Stefnumótunarfundur SFV 2026

Að loknum aðalfundarstörfum verður efnt til stefnumótunarfundar aðildarfélaga SFV, hefst fundur kl. 14:30. Farið verður yfir og rædd drög frá stjórn að nýrri stefnu SFV. Boðið verður upp á léttar veitingar.

Stjórn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2025-2026

MARÍA FJÓLA HARÐARDÓTTIR **FORMAÐUR**

Hrafnistuheimilin

maria.hardardottir@hrafnista.is

KARL ÓTTAR EINARSSON **VARAFORMAÐUR**

Grundarheimilin (Grund, Mörk og Ás)

karl.ottar@grund.is

ÁSGERÐUR TH. BJÖRNSDÓTTIR **MEÐSTJÓRNANDI**

SÁÁ

asgerdur@saa.is

EYBJÖRG HELGA HAUKSÓTTIR **MEÐSTJÓRNANDI**

Eir, Skjól og Hamrar

eybjorg@eir.is

HALLA THORODDSEN **MEÐSTJÓRNANDI**

Sóltún öldrunarþjónusta ehf. (Sólvangur hjúkrunarheimili og Sóltún Heima)

halla@solvangur.is

LILJA EINARSDÓTTIR **MEÐSTJÓRNANDI**

Lundur, hjúkrunar- og dvalarheimili

lilja@hellu.is

PÉTUR MAGNÚSSON **MEÐSTJÓRNANDI**

Reykjalundur

Lét af störfum 24. nóvember 2025

Skrifstofa og starfsfólk SFV

Skrifstofa Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu er á Laugavegi 13, 101 Reykjavík.

SIGURJÓN NORBERG KJÆRNESTED **FRAMKVÆMDASTJÓRI**

sigurjon@samtok.is

GSM: 783 8114 / Vinnusími: 5 600 200

GUNNHILDUR ERLA KRISTJÁNSDÓTTIR **AÐSTOÐARFRAMKVÆMDASTJÓRI / LÖGFRÆÐINGUR**

gunnhildur@samtok.is

Vinnusími: 5 600 201

HEIÐA BJÖRK VIGNISDÓTTIR **LÖGFRÆÐINGUR**

heida@samtok.is

Vinnusími: 5 600 202

KARL SIGURÐSSON **GREINANDI**

karl@samtok.is

Vinnusími: 5 600 204

LOVÍSA ÁRNADÓTTIR **ALMANNATENGL**

lovisa@samtok.is

REBEKKA LEVI **SÉRFRÆÐINGUR**

rebekka@samtok.is

Aðildarfélag SFV 2025-2026

Alzheimersamtökin, Reykjavík	Hjallatún, hjúkrunarheimili, Mýrdalshreppi	Ljósíð, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð, Reykjavík
Andrastaðir, Kjalarnesi		
Ás, dvalar- og hjúkrunarheimili, Hveragerði	Hlíðabær, Reykjavík	Lundur, hjúkrunar- og dvalarheimili, Hellu
Brákarhlíð, hjúkrunar- og dvalarheimili, Borgarnes	Hrafnista Boðarþing, Kópavogi	MS Setrið, Reykjavík
Dalbær, heimili aldraðra, Dalvík	Hrafnista Hraunvangur, Hafnarfirði	Múlábær, Reykjavík
Droplaugarstaðir, hjúkrunarheimili, Reykjavík	Hrafnista Ísafold, Garðabæ	Mörk hjúkrunarheimili, Reykjavík
Dvalarheimilið Fellaskjól, Grundarfirði	Hrafnista Laugarás, Reykjavík	Naust, dvalar- og hjúkrunarheimili, Þórshöfn
Eir hjúkrunarheimili, Reykjavík	Hrafnista Nesvellir, Reykjanesbæ	Reykjalundur, endurhæfing, Mosfellsbæ
Fellsendi, hjúkrunarheimili, Dalabyggð	Hrafnista Skógarbæ, Reykjavík	Samhjálp, Reykjavík
Dagdvöl Fjallabyggð	Hrafnista Sléttuvegi, Reykjavík	SÁÁ, Reykjavík
Grenilundur, hjúkrunarheimili, Grenivík	Höfði, hjúkrunar- og dvalarheimili, Akranesi	Skjól, hjúkrunarheimili, Reykjavík
Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili, Reykjavík	Jaðar, hjúkrunar- og dvalarheimili, Ólafsvík	Sólheimar ses.
Hamrar hjúkrunarheimili ehf., Mosfellsbæ	Kirkjuhvoll, hjúkrunar- og dvalarheimili, Hvolsvelli	Sóltún öldrunarþjónusta, Reykjavík
Heilsustofnun NLFÍ, Hveragerði	Kjarkur endurhæfing, Reykjavík	Sóltún, hjúkrunarheimili, Reykjavík
Heilsuvernd hjúkrunarheimili, Akureyri	Klausturhólar, hjúkrunar- og dvalarheimili,	Sólvellir, heimili aldraðra, Eyrarbakka
Heilsuvernd, Vífilsstaðir	Kirkjubæjarklaustri	
	Krýsuvíkursamtökin, Hafnarfirði	Vigdísarholt, Kópavogi

Fundargerð aðalfundar SFV 2025



Fundur: 28. apríl 2025

Aðalfundur SFV

Fundarstjóri: Anna Hildur Guðmundsdóttir

Fundarritari: Gunnhildur Erla Kristjánsdóttir

Fundarsókn

Fundur haldinn: Bragginn Nauthólsvík, Nauthólsvegi 100, 102 Reykjavík

Fundur hófst: 13:11

Mættir: Fulltrúar frá aðildarfélagnum Brákarhlíð, Droplaugarstöðum, ESH, Fellaskjólí, Grundarheimilunum, Heilsustofnun NLFÍ, Heilsuvernd hjúkrunarheimili, Heilsuvernd Vífilstöðum, Múlabæ/Hlíðabæ, Hrafnistuheimilunum, Höfða, Ljósínu, Lundi, MS setrinu, Reykjalundi, SÁÁ, Seljahlíð, Sóltúni, Sólvöllum og Vigdísarholti, ásamt starfsmönnum SFV.

Á Teams fjarfundi voru mættir fulltrúar frá Dalbæ, Kirkjuholvi og Samhjálp.

Fundargögn: Fundarboð aðalfundar, dags. 11. apríl 2025.

Tillögur til breytinga á lögum SFV, fylgdu aðalfundarboði þann 11. apríl 2025.

Tillaga að siðareglum SFV, send aðildarfélagum 11. apríl 2025.

Tillaga að starfsreglum síðanefndar SFV, send aðildarfélagum 11. apríl 2025.

Tillaga að starfsreglum stjórnar SFV, send aðildarfélagum 11. apríl 2025.

Ársreikningur SFV 2024, sendur aðildarfélagum með fundargögnum 25. apríl 2025.

Tillaga að ályktun aðalfundar um fyrirkomulag kosninga SFV, send aðildarfélagum með fundargögnum 25. apríl 2025.

Atkvæðavægi aðildarféлага SFV á aðalfundi 2025, sent aðildarfélagum sem viðbót við fundargögn 26. apríl 2025.

Glærुकyрning fundar, dags. 28. apríl 2025.

Fundargerð:

Fundur settur

María Fjóra Harðardóttir, forstjóri Hrafnistu og stjórnarformaður SFV, settur fundinn, fer yfir dagskrá aðalfundar og minnir á stefnumótunarfund samtakanna að aðalfundi loknum.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Stjórnarformaður leggur til að Anna Hildur Guðmundsdóttir, formaður SÁÁ, stýri fundi.

Samþykkt samróma.

Jafnframt leggur stjórnarformaður til að Gunnhildur Erla Kristjánsdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri SFV, riti fundargerð.

Samþykkt samróma.

Fundarstjóri tekur við fundarstjórn og fer yfir lögsmæti fundar. Uppfyllt eru skilyrði um löglegt aðalfundarboð en fundarboð var sent þann 11. apríl 2025. Fundarstjóri óskar eftir athugasemdum fundarmanna um lögsmæti fundar en engar berast. Fundur telst lögsmætur.

Fundarstjóri ber fram tillögu þess efnis að Sigurjón Norberg Kjærnested, framkvæmdastjóri SFV, og Karl Sigurðsson, starfsmaður og greinandi SFV, verði falið að sinna kjörstjórn á fundinum. Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu og er tillagan samþykkt samróma.

Fundarstjóri fer yfir fyrirkomulag fjarfundar. Fjarfundur fer fram í gegnum Teams fjarfundabúnað. Fjarfundargestum er boðið að taka þátt í atkvæðagreiðslum með þar til gerðum þumli í búnaðinum sem samsvarar handauppréttingu. Að auki er fjarfundargestum boðið að koma að tillögum eða fyrirspurnum í spjallþræði fundarins. Framkvæmdastjóri SFV mun fylgjast með fjarfundabúnaði.

2. Skýrsla stjórnar

María Fjóra Harðardóttir, stjórnarformaður SFV, flytur skýrslu stjórnar og stiklar á stóru um verkefni starfsársins.

3. Ársreikningur samtakanna lagður fram til samþykktar

Sigurjón Norberg Kjærnested, framkvæmdastjóri SFV, fer yfir lykiltölur úr ársreikningi samtakanna. Áréttað er að ársreikningur fylgdi fundargögnum fundarins sem send voru til aðildarfélagana með tölvubréfi þann 25. apríl 2025.

Helstu niðurstöður ársreikningsins voru eftirfarandi:

Rekstrarreikningur.

- Tekjur voru um 95,6m.
- Gjöld námu um 104m.
- Tap ársins er samtals um 6,5m.

Helsta ástæðan fyrir umræddu tapi er að kostnaður vegna kjaramála var umtalsvert hærrí en gert var ráð fyrir. Um var að ræða afar veigamikil kjaraár en gert er ráð fyrir að tapið verði jafnað út á næstu árum.

Efnahagsreikningur.

- Eignir eru samtals um 55,7m.
- Eigið fé nemur um 17,4m.
- Skammtímaskuldir eru um 38,3m.

Framkvæmdastjóri greinir frá því að fjármagn fylgdi átaksverkefni um íslenskukennslu, það verkefni er að fullu greitt til samtakanna en verður bókfært á það tímabil sem verkefnið er yfirstandandi, n.t.t. með jafnri skiptingu á síðasta árs og yfirstandandi árs.

Þá er farið yfir fyrirkomulag greiðslna vegna persónuverndarverkefnisins en svonefnd inneign aðildarfélaga myndast ætíð vegna fyrirkomulags við innheimtu aðildargjalda tengdu því verkefni.

Framkvæmdastjóri greinir frá því að eigið fé hafi lækkað úr um 24m. í 17,4m.

Framkvæmdastjóri lýkur yfirferð yfir ársreikning.

Fundarstjóri óskar eftir spurningum frá fundarmönnum en engar berast.

Fundarstjóri fer yfir fyrirkomulag við samþykki ársskýrslunnar en lagt er til að kosning fari fram með handauppréttingu.

Ársreikningur er því næst lagður fyrir fundinn og samþykktur samróma.

4. Lagabreytingar

Fundarstjóri vísar til tillagna stjórnar að breytingum á lögum SFV sem fylgdu aðalfundarboði þann 11. apríl 2025. Fundarstjóri fer yfir lögsmæti tillagna skv. 13. gr. laga SFV. Skilyrði ákvæðisins er uppfyllt og fundarstjóri úrskurðar að lagabreytingatillögurnar hafi verið löglega fram lagðar.

Fundarstjóri vísar einnig til fundargagna sem send voru aðildarfélögnum í kjölfar aðalfundarboðs þann 11. apríl 2025. N.t.t. er um að ræða síðareglur SFV, starfsreglur síðanefndar SFV og starfsreglur stjórnar SFV.

Fundarstjóri óskar eftir heimild fundar til að kynna saman, undir þessum dagskrárlíð, fyrrgreindar starfs- og síðareglur sem og lagabreytingatillögurnar, enda eru lagabreytingatillögurnar tilkomnar vegna umræddra starfs- og síðareglna. Fyrirkomulagið verði með þeim hætti að fyrrnefnd skjöl verða kynnt saman, kosið verði um lagabreytingarnar í kjölfarið undir hefðbundnum dagskrárlíð en starfs- og síðareglurnar verði afgreiddar undir öðrum málum í lok fundar. Enn fremur óskar fundarstjóri eftir heimild fundar um að starfs- og síðareglur verði ekki lesnar upp í heild sinni heldur stiklað á stóru um innihald reglnanna.

Aðkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu og er tillagan samþykkt samróma.

Stjórnarmennirnir Karl Óttar Einarsson, forstjóri Grundarheimilanna, og Eybjörg Helga Hauksdóttir, forstjóri ESH, kynna lagabreytingatillögurnar og starfs- og síðareglurnar, að beiðni stjórnar.

Farið er yfir tildrög verkefnisins, lagabreytingar kynntar og stiklað á stóru í kynningu á starfs- og síðareglunum.

Fundarstjóri óskar eftir spurningum frá fundarmönnum en engar berast.

Fundarstjóri leggur lagabreytingar fyrir fundinn. Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu og er tillagan samþykkt samróma.

Ítrekað er að starfs- og siðareglurnar verða lagaðar fyrir fundinn til samþykktar undir dagskrárliðnum „önnur mál“.

5. Kosning formanns

Fundarstjóri greinir frá því að kjörtímabili Maríu Fjólu Harðardóttur sé ekki lokið en í samræmi við 5. gr. laga SFV hlaut hún kjör til tveggja ára á síðasta aðalfundi.

Fundur tekur undir með lófaklappi.

6. Kosning annarra stjórnarmanna

Fundarstjóri fer yfir 5. gr. laga SFV sem fjallar um kosningu stjórnarmanna. Fundarstjóri greinir frá því að kjörtímabili þeirra Eybjargar Helgu Hauksdóttur, ESH, Kjartans Kjartanssonar, sem kosinn var fyrir hönd Höfða, og Péturs Magnússonar, Reykjalundi, er lokið og því eru þrjú sæti laus.

Eftirfarandi framboð hafa borist stjórn:

- Eybjörg Helga Hauksdóttir, ESH.
- Lilja Einarsdóttir, Lundi.
- Pétur Magnússon, Reykjalundi.
- Teitur Guðmundsson, Heilsuvernd hjúkrunarheimili og Heilsuvernd Vífilstöðum.

Fundarstjóri kallar eftir frekari framboðum frá fundarmönnum en engin berast.

Fundarstjóri gefur Sigurjóni Norberg Kjærnested, framkvæmdastjóra SFV og fulltrúa kjörstjórnar, sbr. samþykki fundarmanna í upphafi fundar, orðið og fer hann yfir fyrirkomulag kosninga. Greint er frá því að fyrirsvarsmenn aðildarfélaganna hafi með innskráningu á fundinn fengið í hendurnar kjörseðla sem merktir eru með viðeigandi atkvæðafjölda þess aðildarfélags í samræmi við 11. gr. laga SFV. Þeir sem eru í forsvari fyrir fleiri en eitt félag fá kjörseðil fyrir hvert félag og þurfa að fylla þá alla út til að nýta atkvæðarétt hvers félags.

Þrjár auðar línur eru á kjörseðlinum og rita fyrirsvarsmenn þrjú nöfn á seðilinn.

Farið er yfir fyrirkomulag kosningarinnar fyrir þá fyrirsvarsmenn sem sitja fundinn í gegnum fjarfundabúnað en þeim er boðið að senda atkvæði sín í trúnaði á framkvæmdastjóra og fulltrúa kjörstjórnar á netfangið sigurjon@samtok.is.

Atkvæðakassi verður staðsettur á borði fundarritara. Fundi er sýndur atkvæðakassinn og honum lokað að því loknu.

Fundarstjóri leggur til að kosið verði um þrjá stjórnarmenn í einu. Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu og er tillagan samþykkt samróma.

Frambjóðendur fá tvær mínútur til að kynna sig og að því loknu fer kosning fram.

Kosningu lýkur og kjörstjórn tekur til starfa við talningu.

Fundarstjóri óskar eftir heimild fundar til að afgreiða aðra dagskrárliði á meðan talið er upp úr kjörkassanum. Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu og er tillagan samþykkt samróma.

Kjörstjórn lauk talningu kl. 14:25.

Fjöldi gildra atkvæða voru 228 talsins, auð og ógild atkvæði voru þrjú talsins.

- Eybjörg Helga Hauksdóttir hlaut 70 atkvæði.
- Lilja Einarsdóttir hlaut 69 atkvæði.
- Pétur Magnússon hlaut 75 atkvæði.
- Teitur Guðmundsson hlaut 14 atkvæði.

Kosningu hafa því hlotið þau Pétur Magnússon, Eybjörg Helga Hauksdóttir og Lilja Einarsdóttir. Eru þau kosin til tveggja ára.

Fundarstjóri óskar nýjum stjórnarmönnum til hamingju. Fundur tekur undir með lófaklappi.

7. Kosning tveggja skoðunarmanna

Núverandi skoðunarmenn, Anna Birna Jensdóttir, Sóltúni, og Ingibjörg Ólafsdóttir, MS setrinu, hafa lýst yfir vilja til að sinna hlutverki skoðunarmanna áfram.

Listi tveggja skoðunarmanna er lagður í heild sinni fundinn. Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu og er tillagan samþykkt samróma og með lófaklappi.

8. Ákvörðun forsenda árgjalda

Sigurjón Norberg Kjærnsted, framkvæmdastjóri SFV, kynnir forsendur árgjalda og skiptingu þeirra.

Tillaga stjórnar að árgjöldum byggir á samþykktri rekstraráætlun stjórnar fyrir árið. Árgjöldin skiptast í almenn aðildargjöld, gjöld vegna kjaranefndar, gjöld vegna persónuverndarverkefnis og sérstakt viðbótargjald hjúkrunarheimila. Þá er sérstök athygli vakin á því að auknar tekjur komu inn vegna íslenskuverkefnisins, þ.e. 9m kr. fyrir 2024 og sama verður uppi á teningnum í ár. Lögð er til hækkun aðildargjalda á eftirfarandi hátt:

- Almenn aðildargjöld: úr 45,3 m. kr. árið 2024 í 47,3 m. kr. fyrir árið 2025.
- Aðildargjöld vegna kjaraaðildar: úr 23,4 m. kr. árið 2024 í 24,5 m. kr. fyrir árið 2025.
- Aðildargjöld vegna persónuverndaraðildar: úr 19,3 m. kr. árið 2024 í 20,1 m. kr. fyrir árið 2025.
- Viðbótargjald hjúkrunarheimila: úr 17,9 m. kr. árið 2024 í 18,8 m. kr. fyrir árið 2025.
- Sérstakar tekjur frá ríki vegna íslenskuverkefnis: 9 m. kr. árið 2024 og sömuleiðis 9 m. kr. árið 2025.
- Samtals tekjur fara því úr 115 m. kr. í 119,7 m. kr.

Aðildargjöld hækka um 4,5% en mat á hækkun aðildargjalda á núverandi aðildarfélög er að meðaltali 4% að teknu tilliti til aðildargjalda vegna nýrra aðildarféлага.

Framkvæmdastjóri fer einnig yfir stóru verkefni á starfsárinu.

Fundarstjóri kallar eftir spurningum frá fundarmönnum en engar berast.

Fundarstjóri óskar eftir samþykki fundar fyrir forsendum aðildargjalda. Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu og er tillagan samþykkt samróma.

9. Önnur mál

a. Afgreiðsla tillagna um siðareglur SFV, starfsreglur siðanefndar SFV og starfsreglur stjórnar SFV.

Vísað er til umfjöllunar um siðareglur SFV, starfsreglur siðanefndar SFV og starfsreglur stjórnar SFV undir dagskrárlíðnum lagabreytingar.

Fundarstjóri leggur umræddar reglur fyrir fundinn. Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu og eru allar reglurnar samþykktar samróma.

b. Tillaga stjórnar að ályktun um mótun samkeppnisstefnu SFV.

Fundarstjóri gefur stjórnarformanni SFV orðið sem kynnir tilurð þessarar ályktunar. Stjórnarformaður greinir frá því að stækkandi samtökum fylgi ákveðin vaxtaverkir og í breyttu starfsumhverfi samtakanna sé mikilvægt að SFV móti sér samkeppnisreglur. Stjórnarformaður býður Halldór Brynjar Halldórsson, lögmann hjá LOGOS, velkominn á fundinn og óskar eftir leyfi fundarins um að hann fjalli stuttlega samkeppnisumhverfi hagsmunasamtaka. Fundur samþykkir.

Lögmaðurinn fer yfir stöðu samtaka fyrirtækja með tilliti til samkeppnismála. Mjög auðvelt sé að falla í þá gryfju að leiðast út í samtal sem getur varðað við samkeppnislög. Nefnir hann jafnframt ýmis dæmi um hagsmunasamtök sem hafa gerst brotleg við samkeppnislög. Mörg dæmi séu því um að hagsmunasamtök setji sér samkeppnisstefnu en tilgangurinn með því sé tvíþættur. Annars vegar að setja upp varnir gegn því að falla í gryfjuna og hins vegar að veita aðildarfélögum leiðarljós og ákveðið öryggi í að eiga í samskiptum innan rammans. Það sé til mikils að vinna fyrir SFV að finna línuna hér, sér í lagi í samskiptum við stjórnvöld sem oft og tíðum setja aðildarfélög SFV í erfiða stöðu.

Stjórn leggur fram eftirfarandi ályktun:

„Aðalfundur ályktar að móta skuli samkeppnisréttarstefnu SFV. Stjórn SFV móti samkeppnisréttarstefnu sem gilda muni til bráðabirgða fram að næsta aðalfundi SFV, þar sem hún verður lögð fram til afgreiðslu aðalfundar.

Tilgangur samkeppnisréttarstefnu verður að tryggja að starfsemi samtakanna samræmist ákvæðum samkeppnislaga, með því annars vegar að veita starfs- og stjórnarmönnum samtakanna stuðning til að rækja hlutverk sitt, til hagsbóta fyrir aðildarfyrirtæki, og hins vegar fyrirbyggja háttsemi sem brotið gæti gegn ákvæðum samkeppnislaga.“

Fundarstjórinn óskar eftir spurningum frá fundarmönnum um tillöguna en engar berast.

Fundastjóri ber tillöguna undir fundarmenn. Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu og er tillagan samþykkt samróma.

c. Tillaga stjórnar að ályktun aðalfundar um fyrirkomulag kosninga SFV.

Fundarstjóri gefur varaformanni stjórnar SFV, Karli Óttari Einarssyni, orðið og kynnir hann tilurð þessarar ályktunar. Í sögu samtakanna hafa ekki farið fram margar kosningar og lög samtakanna gefa afar takmarkaðar leiðbeiningar um framgang kosninga. Stjórn leggur því fram eftirfarandi ályktun.

„Fyrirkomulag stjórnarkjörs er lítið ávarpað í lögum samtakanna. Heppilegra er ef að ítarlegri reglur um fyrirkomulag stjórnarkjörs, framkvæmd og framboð væru til staðar. Aðalfundur samþykkir að stofna sérstakan vinnuhóp á vettvangi samtakanna sem að fulltrúar allra aðildarfélaganna hafa möguleika á að skipa fulltrúa í sem að leggur fyrir næsta aðalfund ítarlegri reglur um stjórnarkjör.“

Fundarstjórinn óskar eftir spurningum frá fundarmönnum um tillöguna en engar berast.

Fundastjóri ber tillöguna undir fundarmenn. Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu og er tillagan samþykkt samróma.

d. Annað

Fundarstjóri óskar eftir tillögum að öðrum málum meðan beðið er eftir niðurstöðu kosninga. Engar berast.

Hlé er gert á fundi í nokkrar mínútur á meðan beðið er eftir að kjörstjórn ljúki talningu.

Niðurstöður kosninga berast kl. 14:25 og er fundargerð framhaldið undir dagskrárlið 6 sem fjallar um kosningu annarra stjórnarmanna.

Fundarslit:

Fundi slitið: kl. 14:28

Molar úr starfi SFV starfsárið 2025-2026

Hér fylgja nokkrir molar úr starfi samtakanna á starfsárinu. Hér er engan veginn ætlunin að vera með tæmandi upptalningu á starfinu, frekar létt mynd af nokkru af því helsta.

Nýir aðildarfélagar, stjórn og starfsfólk

Sú breyting varð á stjórn samtakanna á starfsárinu að Lilja Einarsdóttir frá Lundi, hjúkrunar- og dvalarheimili, Hellu, tók við sem stjórnarmaður á aðalfundi 2025 og Kjartan Kjartansson frá Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili lét af störfum í stjórn. Þá lét Pétur Magnússon frá Reykjalundi af störfum í stjórn SFV í nóvember sl. Er Kjartani og Pétri þakkað fyrir störf sín á vettvangi samtakanna.

Á árinu tók svo Rebekka Levin við umsjón átaksverkefnis SFV í íslenskukennslu á hjúkrunarheimilum, en fjallað er nánar um það mikilvæga verkefni neðar í ársskýrslunni.

Samstarf við stjórnvöld og Alþingi

Eitt meginhlutverk SFV er að vera fulltrúi aðildarfélaga samtakanna þegar kemur að heildarhagsmunum þeirra gagnvart Alþingi, ráðuneytum, ríkisstofnunum og stjórnvöldum almennt. Það felur í sér að skrifa umsagnir um þingmál og mál sem stjórnvöld setja í Samráðsgátt stjórnvalda; setu í starfshópum og nefndum á vegum hins opinbera; fundi með ráðherrum, þingnefndum og öðrum aðilum frá stjórnvöldum; erindi og margt fleira.

Á þessu starfsári var sérlega mikið um að vera í þessum málum og bæði náðist jákvæður árangur en svo eru einnig mál þar sem SFV stefna að því að ná meiri árangri í að koma forgangsmálum geirans áfram. Þannig var jákvætt að fjárveitingar til endurhæfingarstofnana í heild hækkuðu mikið í fjárlögum 2026, þar var um að ræða stærsta einstaka hækkun fjárveitinga til þess málaflokks í fjárlögum í áráraðir. Þá hækkuðu fjárveitingar til allra hjúkrunarheimila mikið þegar einingarverð þeirra var endurskoðað vegna kostnaðar við samkomulag sem batt enda á langar kjaradeilur Eflingar og SFV.

Af öðrum hagsmunamálum sem SFV komu að má nefna t.d. fleiri mál tengd fjárlögum og fjáráukalögum, endurskoðun á mats- og greiðsluferfi hjúkrunarheimila, sérlega m.t.t. RAI mats; endurskoðun á færni og heilsumatsferlinu, mögulegir rammameningar dagdvala og skýrsla ráðuneyta um framtíð þeirra, lög um beitingu nauðungar í heilbrigðisþjónustu, innra eftirlit heilbrigðisstofnana, stafræn heilsa, hvítbók, húsnæðismál og almenn stefnumótun um fyrirkomulag endurhæfingar, breytingu á lögum um sjúkratryggingar, ferli um innlagnir á hjúkrunarheimili og starfshóp um rekstrartilkygningar.

Þjónustusamningar hjúkrunarheimila

SFV hafa það hlutverk að gera fyrir hönd hjúkrunarheimilanna rammamening um þjónustu þeirra við Sjúkratryggingar Íslands. Um er að ræða einu stærstu samninga sem gerðir eru á Íslandi og við Sjúkratryggingar Íslands.

Þjónustusamningarnir voru framlengdir um 9 mánuði í september sl. Var þar að finna mörg stór mál sem mögulega gætu breytt miklu í starfsumhverfi hjúkrunarheimila. Í fyrsta lagi fylgdi með samningunum viljayfirlýsing félags- og húsnæðismálaráðherra (sem er sá ráðherra sem ber ábyrgð á húsnæði hjúkrunarheimila) um innleiðingu leigugreiðslna til hjúkrunarheimila, til að þau geti haldið húsnæði sínu við á fullnægjandi hátt. Þar kom m.a. fram að ráðherra myndi beita sér fyrir því að leigugreiðslur hefjist í júlí 2027 og að innleiðing á slíku kerfi væri þegar hafin. Nú standa yfir samningaviðræður um aðra framlengingu þjónustusamninganna og er stóra málið þar að stjórnvöld standi við þau fyrirheit sem gefin voru með yfirlýsingu ráðherra.

Í öðru lagi þá fylgdi með framlengingunni ítarleg verkáætlun um þau mál sem Sjúkratryggingar Íslands, SFV og Samband íslenskra sveitarfélaga (sem er einnig aðili að samningunum f.h. hjúkrunarheimila) myndu vinna að í sameiningu. Í verkáætluninni var sameiginlega ákveðið að vinna að eftirfarandi málum:

- Að fólk haldi sjúkratryggingarréttindum sínum þegar það flyst á hjúkrunarheimili. Hér er t.d. um að ræða mál eins og lyfjakostnað, sjúkraflutninga og hjálpartæki.

- Breytingu á innheimtuhlutverki hjúkrunarheimila m.t.t. þess að innheimta á kostnaðarhlutdeild einstaklinga verði fyrir fram og sjálfkrafa dregin af lífeyrisgreiðslum.
- Greiningu á hækkunum í kostnaði og uppfærsla á einingarverði m.t.t. kostnaðar v. sjúkraflutninga, hjálpartækja, blóð- og veirurannsóknna og sjúklingatrygginga.
- Greiningu og tillögugerð vegna rekstrarstöðu lítilla- og meðalstórra hjúkrunarheimila.
- Aðgerðum vegna ungra á hjúkrunarheimilum.
- Aðgerðum vegna einstaklinga með alvarlegar hegðunarraskanir.
- Breytingu á umfjöllun samningsins um hækkun á einingarverði vegna kostnaðar við kjarahækkanir og uppfærsla á töflu um skiptingu starfsstétta á hjúkrunarheimilum.
- Uppfærslu á einingarverði vegna mögulegs samkomulags SFV og Eflingar. Þessu máli er nú lokið sbr. umfjöllun í kafla skýrslunnar um kjaramál.
- Gagnaöflun.

Þjónustusamningarnir renna út núna í lok apríl og standa yfir viðræður við Sjúkratryggingar um framlengingu á þeim. Á starfsárinu hefur samninganefnd hjúkrunarheimila unnið af miklum krafti að samningaviðræðum. Í samninganefndinni eru:

- Bryndís Gunnlaugsdóttir – Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
- Eybjörg Helga Hauksdóttir – Eir, Skjól og Hömrum.
- Halla Thoroddsen – Sóltún og Sólvang.
- Helgi Aðalsteinsson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
- Karl Óttar Einarsson – Grundarheimilunum.
- Kjartan Kjartansson – Eir, Skjól og Hömrum. Upphaflega skipaður f.h. Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis.
- María Fjóra Harðardóttir – Hrafnistu.
- Sigurjón Norberg Kjærnested - SFV, formaður samninganefndar.

Þá starfa með nefndinni Heiða Björk Vignisdóttir, lögfræðingur hjá SFV og Karl Sigurðsson greinandi SFV. Á starfsárinu voru skipaðir tveir hópar til að starfa með samninganefndinni, lögfræði- og starfsumhverfishópur og greiningar- og rekstrarhópur. Þar var unnið að undirbúningi samningsmarkmiða SFV, viðbrögðum við tillögum SÍ og fleiru. Í þeim sátu:

Lögfræði- og starfsumhverfishópur:

- María Fjóra Harðardóttir – Hrafnista.
- Eybjörg Helga Hauksdóttir – Eir, Skjól og Hamrar.
- Fjóra Stefánsdóttir – Grenilundur.
- Gunnhildur Erla Kristjánsdóttir – SFV.
- Halla Thoroddsen – Sóltún og Sólvangur.
- Heiða Björk Vignisdóttir – SFV, formaður hósins.
- Karl Óttar Einarsson – Grundarheimilin.
- Ólafur Samúelsson – Eir, Skjól og Hamrar.
- Sigurjón Norberg Kjærnested – SFV.
- Valdís Eyjólfsdóttir – Höfði, hjúkrunar- og dvalarheimili.
- Þorbjörg Inga Þorsteinsdóttir – Hrafnista.

Greiningar- og rekstrarhópur

- Agnar Birgir Gunnarsson – Grundarheimilin.
- Fjóra Stefánsdóttir – Grenilundur.
- Karl Óttar Einarsson – Grundarheimilin.
- Karl Sigurðsson – SFV, formaður hósins.
- Kjartan Kjartansson – Eir, Skjól og Hamrar.
- Kristján Björgvinsson – Hrafnista.
- Ragnar Már Reynisson – Eir, Skjól og Hamrar.
- Valdís Eyjólfsdóttir – Höfði, hjúkrunar- og dvalarheimili.

Þá kom Fagráð hjúkrunarstjórnenda mikið að undirbúningi samningsmarkmiða. Haldnir voru fjöldi félagsfunda með aðildarfélögum, fundir með einstaka aðildarfélögum og almennt var mikil samvinna með aðildarfélögum í þessu mikilvæga máli.

Dagdvalahópur SFV og framtíðarstarfsumhverfi dagdvala

Á árinu gáfu félags- og húsnæðismálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið út tímamótaskýrslu þegar starfshópur um eflingu og þróun dagdvala skilaði lokaskýrslu sinni. Sigurjón Kjærnested var skipaður fulltrúi SFV í hópnum og dagdvalahópur SFV starfaði sem bakhópur fyrir þátttöku SFV í vinnunni. Á vettvangi hópsins var m.a. unnið að tillögugerð fyrir vinnuna, kostnaðargreiningu, viðbrögðum við tillögum stjórnvalda og fleiru. Skýrslunni var skilað í apríl 2025 en í framhaldinu hafa farið fram fundir með stjórnvöldum og framhaldsvinna á vettvangi dagdvalahópsins.

Nú er staðan sú, að mati SFV, að mikilvægt er að koma tillögum hópsins í framkvæmd og vinna að undirbúningi þess fer nú fram á vettvangi hópsins. Sérlega er mikilvægt að stjórnvöld taki skrefið í átt að rammasamningsviðræðum við dagdvalirnar. Í tillögum hópsins er að finna stór og mikilvæg mál sem dagdvalahópurinn hefur einnig fjallað um, t.d.:

- Hækkun á daggjaldi um þriðjung
- Nýja flokkun dagdvala
- Greiðslur þegar fólk mætir ekki
- Samræmdir biðlistar
- Matskerfi f. dagdvalirnar
- Aksturskostnaður dagdvala
- Og margt fleira.

Hagsmunamál endurhæfingarstofnana og samvinna endurhæfingarstofnana í SFV

Á árinu hefur samstarf endurhæfingarstofnana innan SFV haldið áfram og haldnir samvinnufundir til að skipuleggja málflutning SFV vegna mikilvægra hagsmunamála þeirra. Þar ber helst að nefna:

- **Húsnæðismál endurhæfingarstofnana.** SFV tók þátt í starfi starfshóps um húsnæðismál endurhæfingarstofnana sem lauk störfum fyrir rúmlega ári, en skýrsla hópsins hefur ekki enn verið gefin út. SFV hafa lengi hvatt stjórnvöld til þess að leiðrétta það ástand sem er uppi í dag, að endurhæfingarstofnanir (líkt og hjúkrunarheimili) fái einungis greitt lágmarks húsnæðisgjald. Á sama tíma fá ýmsar heilbrigðisstofnanir greiddar fullar leigugreiðslur frá ríkinu. Þetta ástand veldur því að húsnæði endurhæfingarstofnana skemmist hreinlega vegna skorts á viðhaldi. Mikilvægt er að stjórnvöld leiðrétti þetta ástand og hvetja SFV til þess
- **Stefnumótun um endurhæfingarstofnanir.** Stjórnvöld hafa boðað nýja hvítbók um endurhæfingarþjónustu og eiga bæði SFV og aðildarfélög samtakanna fulltrúa í rýnihóp um þá hvítbók. Sú vinna hefur hins vegar tafist og er mikilvægt að hún verði kláruð sem fyrst í góðu samstarfi við geirann
- **Fjárveitingar til endurhæfingarstofnana.** Þegar SFV fjalla um fjárveitingar til endurhæfingarstofnana þá er fjallað um fjárveitingar í heildina og ekki snert á málum er varða skiptingu fjármagns milli aðildarfélaga samtakanna. Það var mjög jákvætt að sjá stjórnvöld hækka heildargreiðslur til endurhæfingarstofnana í fjárlögum ársins 2026 og er stjórnvöldum og fjárlaganefnd þakkað fyrir það mikilvæga skref.

Samninganefnd SFV

Samninganefndin samanstendur af fulltrúum frá aðildarfélögum SFV, sem búa yfir sérþekkingu á sviði kjara- og mannauðsmála.

Í samninganefnd sitja:

- Sigurjón Norberg Kjærnested, framkvæmdastjóri SFV og formaður samninganefndar
- Guðbjörg Gunnarsdóttir, Reykjalundur
- Heiða Björk Vignisdóttir, SFV

- Helga Sigurðardóttir, ESH
- Jakobína Hólmfríður Árnadóttir, Hrafnista
- Karl Óttar Einarsson, Grundarheimilin
- Sigríður Sigurðardóttir, Grundarheimilin
- Matthías Orri Sigurðarson, ESH, lét af störfum hjá nefndinni á árinu.

Helstu verkefni nefndarinnar eru gerð kjarasamninga og sameiginlegra stofnanasamninga við stéttarfélög á grundvelli umboðs frá aðildarfélögum innan SFV. Auk þess er nefndin ráðgefandi í ýmsum álitamálum er kunna að rísa varðandi kjaramál og vinnurétt. Önnur verkefni nefndarinnar eru gerð viðræðuáætlana við stéttarfélög og undirbúningur gagnaöflunarskjala í samvinnu við greinanda SFV. Nefndin er með fasta vikulega fundi en þegar viðræður eru í gangi eða önnur brýn mál bíða afgreiðslu er fundað eftir þörfum.

Helstu verkefni ársins voru t.a.m. viðræður við Eflingu-stéttarfélag sem leystust eftir mikla þrautagöngu með tillögu ríkissáttasemjara í október mánuði. Nefndin lauk við gerð nokkurra kjarasamninga snemma á árinu, sem ekki tókst að ljúka á árinu á undan, gilda þeir til 2028. Samninganefnd lauk auk þess við útgáfu heildarkjarasamnings við Visku og Sameyki, og fleiri heildarkjarasamningar eru í bígerð. Sameiginlegur stofnanasamningur við SLFÍ var undirritaður, sem og uppfærður stofnanasamningur við VSKF/Hlíf, og ýmsir aðrir stofnanasamningar eru í vinnslu. Samninganefnd sá jafnframt um að sækja fjármagn fyrir jöfnun launa milli markaða sem og launatöflaukans, sem virkjaðist fyrir nokkur stéttarfélög á árinu. Líkt og fyrri ár var óskað eftir verkfallslistum frá aðildarfélögum eða staðfestingu á að núgildandi listar yrðu framlengdir til áframhaldandi birtingar á heimasíðu samtakanna. Á fyrri hluta árs 2026 markaði samninganefndin sér þá stefnu að vinna að gerð sameiginlegra stofnanasamninga við þau stéttarfélög sem SFV gera kjarasamninga við. Samtökin munu þá óska eftir umboðum frá aðildarfélögum samtakanna til stofnanasamningsgerðar.

Árið hefur verið nefndinni sérlega annasamt og ber henni að þakka sérstaklega fyrir vönduð og góð störf í þágu aðildarfélaga SFV.

Persónuverndarverkefni SFV

Gunnhildur Erla Kristjánsdóttir og Heiða Björk Vignisdóttir, lögfræðingar hjá SFV, sinna hlutverki persónuverndarfulltrúa þeirra aðildarfélaga SFV sem þá þjónustu þiggja. Þær hafa eftirlit með málum og veita ráðgjöf og fræðslu á sviði persónuverndar.

Persónuvernd í heilbrigðisþjónustu stendur á ákveðnum krossgötum, á sama tíma og tækninni fleytir fram með snjöllum lausnum, gervigreind og velferðartækni eykst krafan um upplýsingaöryggi og ábyrgð stjórnenda í heilbrigðisþjónustu færir sífellt í aukana.

Ein stærsta áskorunin í dag eru netógnir. Aðildarfélög SFV eru síður en svo undanskilin frá slíkum ógnum, það raungerðist þegar eitt af aðildarfélögum varð fyrir grófri árás tölvuþrjóta á starfsárinu. Vefveiðar, s.s. milligönguárásir og fyrirmælasvik hafa einnig færst gríðarlega í aukana og verða aðildarfélög samtakanna reglulega fyrir barðinu á slíkum ógnum. Það verður líklega aldrei hægt að koma í veg fyrir frávik við upplýsingaöryggi en öflugt innra starf, faglegt mat og val á tæknilausnum, fræðsla til starfsfólks og þjálfuð viðbrögð við slíkum frávikum eru lykilatriði í nútíma rekstri. Persónuvernd og upplýsingaöryggi er komið til að vera og má á næstu misserum búast við víðtækari löggjöf og reglum á því sviði, s.s. varðandi netöryggi og notkun gervigreindar.

Kostir starfrænnar heilbrigðisþjónustu eru ótal margir en mikilvægt er að fórna ekki friðhelgi einkalífsins í þeirri vegferð. Staða aðildarfélaga SFV er sterk en hún krefst stöðugrar árvekni stjórnenda og starfsfólks gagnvart sibreytilegu ógnarlandslagi.

Fagráð hjúkrunarstjórnenda innan SFV

Fagráð hjúkrunarstjórnenda innan SFV hefur verið afar öflugt í ár og komið að sem og staðið fyrir fjölmörgum verkefnum samtakanna. Þar ber ef til vill hæst faglegur undirbúningur fjölmargra samningsmarkmiða vegna þjónustusamningsviðræðna hjúkrunarheimila við Sjúkratryggingar Íslands. Þá má nefna ómetanlega vinnu og greiningu varðandi menntun fagstétta, aðstoð við stjórnendur, málefni ungra íbúa á hjúkrunarheimilum og ýmist faglegt samstarf.

Framkvæmdastjóri SFV hefur fundað reglulega með fagráðinu og fengið álit ráðsins á helstu málum sem eru til skoðunar hjá samtökunum. Þá hefur formaður fagráðsins mætt á fundi stjórnar SFV og komið áherslum fagráðsins á framfæri við stjórn.

SFV þakka fagráði hjúkrunarstjórnenda innilega fyrir fjölbreytt og góð störf í þágu samtakanna og aðildarfélaga þeirra.

Umsagnir

Lögfræðingur SFV fylgist grannt með allri vinnu Alþingis og stjórnvalda við mótun regluverks er varðar aðildarfélög samtakanna, enda er mikilvægt að koma að slíku samráði snemma í ferlinu. Þegar unnið er að mótun regluverks leitum við gjarnan til okkar aðildarfélaga og fáum fram þeirra sjónarmið. SFV koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna sem og aðildarfélaga þeirra í ítarlegri umsögn þar sem reifaðar eru ástæður umsagnar, lagðar fram tillögur að breytingum/úrbótum og þá er málum gjarnan fylgt eftir á fundum með hlutaðeigandi. Nauðsynlegt er að leitað sé til hagsmunaaðila við setningu nýrra reglna, sem og við breytingar á núgildandi regluverki, enda liggur þar sérþekkingin á því starfsumhverfi sem regluverkið tekur til. Með slíku samráði og samvinnu er unnt að smíða regluverk sem nær bæði markmiði sínu og tilgangi, án þess þó að valda óþarfa reglubyrði, kostnaði eða óvissu. Þetta fyrirkomulag hefur reynt afar vel og eru SFV þakklát stjórnvöldum fyrir að veita okkur tækifæri til umsagna sem og gott samstarf. SFV hafa náð góðum árangri og skilað fjölmörgum umsögnum á árinu. Samtökin hafa t.a.m. veitt umsögn um fjárlagafrumvarp ársins 2026, þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029, drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um réttindi sjúklunga nr. 74/1997 (takmörk á beitingu nauðungar), drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008, drög að reglugerð um innra eftirlit veitenda heilbrigðisþjónustu á grundvelli 24. gr. a. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu, o.fl.

Greiningar og tölfræði

Á árinu 2025 var unnin ýmis konar greiningarvinna til að undirbyggja betur starf SFV og til að svara upplýsingabeiðnum stjórnvalda.

Greiningarvinna tengd kjaramálum var umfangsmikil á árinu. Vinna vegna breytingar á kjarasamningi SFV og Eflingar var þar fyrirferðamest. Efling sagði kjarasamningnum upp á vormánuðum þar sem það taldi að ekki hefði verið staðið við ákvæði tengt mönnun á hjúkrunarheimilum. Mikil vinna fór í að greina leiðir til lausnar deilunni í samvinnu við Eflingu, stjórnvöld og aðildarfélög SFV. Einnig voru unnar greiningar sem tengdust launatöfluauka, auk eftirfylgni með að uppgjör vegna hans, sem og nýrra Eflingarsamninga, skilaði sér til aðildarfélaga.

Allnokkrar greiningar og gagnaöflun var unnin á árinu og fram eftir árinu 2026 vegna vinnu við gerð stofnanasamninga við félög innan BHM og fleiri félög, auk ýmis konar annarri vinnu sem tengdist framkvæmd kjarasamninga.

Þá fór vinna vegna endurnýjun þjónustusamninga hjúkrunarheimila í gang þegar líða tók á árið 2025 og hefur verið eitt umfangsmesta greiningarvinnan framan af árinu 2026. Önnur greiningarvinna sem tengist samskiptum við stjórnvöld og hagsmunagæslu almennt var einnig í gangi jafnt og þétt á árinu. Þar má nefna greiningarvinnu sem tengist rekstrargrunni dagdvala, en stórt skref var tekið þar í byrjun árs 2025 og því fylgt eftir á árinu. Einnig má nefna greiningar tengdar greiðslum SÍ til bæði hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, umsagna um fjárlög og fjármálaáætlun, auk fleiri tilfallandi verkefna sem tengjast stjórnvöldum.

Unnið var með einstökum aðildarfélögum að greiningum sem tengjast þeirra starfi og samningum þeirra við stjórnvöld og innri greiningar sem tengjast starfi SFV. Þá voru áfram voru unnar greiningar á þjónustubörf við aldraða á komandi árum tengt fjölgun aldraðra, auk fleiri almennra greininga sem starfinu tengjast.

Samskipti við fjölmiðla og önnur almannatengsl

Stefna samtakanna er að vera leiðandi aðili í allri umfjöllun um heilbrigðisþjónustu. Samtökin vilja því sýna frumkvæði í samskiptum við fjölmiðla og vera sýnileg, til dæmis með greinaskrifum og viðburðahaldi. Þannig byggji SFV upp traust almennings, haghafa, stjórnmalanna og fjölmiðla. Áfram er lögð áhersla á að koma sjónarmiðum

geirans á framfæri í fjölmiðlum á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Þetta hefur gefist vel og reglulega er leitað til SFV að fyrra bragði þegar kemur að umfjöllun um heilbrigðismál.

Þá er einnig mikil áhersla lögð á að vera viðbúin ýmis konar umfjöllun í þeim málum sem SFV koma að.

Á árinu einkenndist aðkoma SFV að fjölmiðlaumræðu helst af tvenns konar málum. Í fyrsta lagi þegar leitað var til samtakanna vegna mála sem voru til umfjöllunar í fjölmiðlum, t.d. varðandi stöðuna á Landspítalanum. Í öðru lagi af stórum málum sem SFV voru að vinna að, t.d. um kjaraviðræður við Eflingu.

Aðildarfyrirtæki SFV leituðu reglulega til samtakanna á árinu til að fá ráðgjöf hvað varðar almannatengsl, greinaskrif og aðstoð við fjölmiðlaumfjallanir.

Starfs- og vinnuhópar og innra starf

Sem fyrr var mikill kraftur í innra starfi SFV á árinu. Ber þar helst að nefna hina fjölmörgu starfs- og bakhópa sem settir voru á laggirnar í tengslum við ýmis verkefni á sviði kjaramála, sérhæfðra verkefna stjórnvalda og önnur mál. Ómetanleg þátttaka og vinna fulltrúa aðildarfélaganna í því starfi er lykilþáttur í þeirri velgengni sem náðst hefur í samskiptum og samstarfi við stjórnvöld. Er starfsfólki aðildarfélaganna færðar bestu þakkir fyrir þá vinnu.



Mynd frá kynningu á prófunardeild Málbrúar á Vífilstöðum. Þarna eru Heiða og Rebekka ásamt mentor og þátttakendum

Málbrú – Afurð samnings SFV og mennta- og barnamálaráðuneytis um þróun og innleiðingu íslenskufraeðslu fyrir starfsfólk hjúkrunarheimila.

Á starfsárinu hefur SFV unnið að þróun og innleiðingu samstarfsverkefnis um eflingu íslenskukennslu á hjúkrunarheimilum, sem hlotið hefur heitið **Málbrú**. Verkefnið byggir á samningi við mennta- og barnamálaráðuneytið, frá 2024, og er ætlað að styðja við íslenskunotkun starfsfólks í daglegu starfi, bæta samskipti á vinnustað og efla þátttöku starfsfólks með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Á undanförunum árum hefur samsetning starfsmannahópa innan velferðarþjónustu tekið miklum breytingum. Á hjúkrunarheimilum starfar nú fjölbreyttur hópur fólks með mismunandi tungumálabakgrunn sem er í senn styrkur og áskorun. Ljóst er að á mörgum vinnustöðum er vilji til að nota íslensku meira í daglegu starfi, en jafnframt getur reynt erfitt að skapa tíma, rými og aðstæður þar sem starfsfólk fær raunhæft tækifæri til að æfa sig og byggja upp meira öryggi í samskiptum. Verkefnið Málbrú varð til út frá þessari þörf.

Undirbúningur og þarfagreining

Undirbúningur verkefnisins hófst með samtölum við aðildarfélög SFV, stjórnendur og starfsfólk, auk þess sem aflagð var gagna með könnunum og umræðum við þá sem starfa daglega innan hjúkrunarheimilanna. Þar kom skýrt fram að þörf væri á hagnýtum og starfstengdum úrræðum sem styðja við íslenskunotkun á vinnustaðnum sjálfum, fremur en eingöngu utan hans.

Jafnframt var litið til fyrirmynda erlendis frá, einkum frá Svíþjóð, þar sem áþekkt verkefni með tungumála mentorum á vinnustöðum hafa gefið góða raun. Þessi vinna nýttist við mótun Málbrúar og varð grunnur að því að þróa hugmynd sem gæti hentað íslenskum aðstæðum og þörfum aðildarfélaga SFV.


Uppbygging verkefnisins

Verkefnið byggir á nokkrum lykilþáttum sem vinna saman:

- mentorum á vinnustað sem styðja við íslensku notkun samstarfsfólks,
- verkefnakistu með samtalsverkefnum, æfingum, orðaforða og einföldum verkfærum sem hægt er að nota á deildum,
- handbók fyrir þátttakendur og mentora,
- og stafrænu verkfæri í samstarfi við **Bara Tala**.

Markmið verkefnisins er að gera íslenskukennslu hluta af daglegu starfi, án þess þó að um eiginlega kennslu sé að ræða. Áherslan er því ekki á hefðbundna kennslustofu heldur fyrst og fremst á samtöl þátttakenda og mentors, aukinn orðaforða og æfingar í raunverulegum aðstæðum þar sem starfsfólk þarf að nota tungumálið.

Málbrú í stuttu máli



Markmið verkefnisins er að:

- styðja við íslenskunotkun í starfi,
- bæta samskipti á vinnustað,
- auka öryggi starfsfólks í samskiptum,
- auka vellíðan starfsfólks,
- efla gæði þjónustunnar.

Innleiðing á prófunardeildum

Innleiðing Málbrúar hófst í febrúar 2026. Verkefnið var kynnt á þremur prófunardeildum og voru mentorar þjálfaðir til að sinna hlutverki sínu innan verkefnisins. Verkefnakista og handbók voru afhentar og þátttakendur fengu aðgang að Bara Tala appinu, þar sem búið var að útbúa sérstakt svæði Málbrúar innan appsins.

Prófunardeildir verkefnisins eru:

- Hjallatún á Vík
- Vífilstaðir í Garðabæ

- Deildin Foss á Sléttuvegi, Hrafnistu

Við færum við þeim og starfsfólki þeirra okkar bestu þakkir fyrir frábært samstarf.



Formlegur prófunarfasi hófst 16. febrúar 2026 og stendur fram á sumar. Markmið prófunarfasa er að prófa verkfærin í daglegu starfi, fylgja eftir notkun þeirra og safna reynslu frá þátttakendum, mentorunum og stjórnendum.

Upphaf prófunarfasa einkenndist að einhverju leyti af tæknilegum áskorunum, einkum varðandi aðgengi að stöðuprófum í appinu. Slíkt hafði áhrif á fyrstu framkvæmd verkefnisins og tók tíma að tryggja að allir væru komnir inn í kerfið og gætu hafið notkun með eðlilegum hætti. Þessi reynsla hefur þó nýst vel til að varpa ljósi á hvaða þætti þarf að skýra betur og styrkja við áframhald verkefnisins.



Mynd frá kynningu á prófunardeild Málbrúar á Hjallatúni.

Fyrstu skref í framkvæmd

Þrátt fyrir að verkefnið sé enn á tilraunastigi hafa fyrstu skrefin gefið mikilvægar vísbendingar fyrir framhaldið. Verkefnið hefur almennt mælst vel fyrir á deildunum og viðhorf þátttakenda og mentora verið jákvætt. Í samtölum og eftirfylgni hefur komið fram að einfaldar aðferðir reynast oft best, svo sem að setjast niður saman yfir spilum, æfa orðaforða, spyrja um orð og framburð eða gefa sér stuttan tíma í samtali á íslensku.

Grunnkönnun sem lögð var fyrir á þátttökudeildunum við upphaf prófunarfasa sýnir að starfsfólk upplifir almennt jákvætt starfsumhverfi og vilja til að styðja hvert annað í starfi. Samhliða því kom fram að tungumálamunur hefur áhrif á dagleg samskipti og að þörf er á markvissum stuðningi við íslenskunotkun í vinnunni.

Mentorar hafa reynst lykilaðilar í verkefninu. Hlutverk þeirra er ekki eingöngu að hvetja til notkunar á íslensku heldur einnig að skapa öryggi fyrir þátttakendur til að tjá sig og gera mistök, viðhalda athygli á verkefninu og hjálpa til við að tengja verkefnið við raunverulegar aðstæður í starfinu. Sú reynsla sem þegar hefur fengist bendir til þess að skýr umgjörð, regluleg eftirfylgni og raunhæfar væntingar skipta þar miklu máli.

Helstu áfangar verkefnisins

2024

Stýrihópur skipaður, rýnihópur skipaður, kortlagning markaðar, skoðanakannanir sendar út á hjúkrunarheimili.

Vor 2025

Samtöl við fræðsluaðila, niðurstöður teknar saman, hugmyndavinna og -sköpun.

Haust 2025

Undirbúningur, þarfagreining og þróun verkefnis.

Febrúar 2026

Innleiðing á prófunardeildum hefst.

16. febrúar 2026

Formlegur prófunarfasi hefst.

Febrúar – júní 2026

Prófun verkefnisins á deildum, eftirfylgni og gagnasöfnun.

Júní 2026

Mat og úrvinnsla niðurstaðna.

Haust 2026

Það er von okkar að hægt verði að innleiða Málbrú á öllum deildum áhugasamra aðildarfélaga SFV.

Sameiginlegt verkefni aðildarfélaga

Einn af styrkleikum Málbrúar er að verkefnið byggir á samstarfi aðildarfélaga SFV. Verkefnið er ekki hugsað sem afmörkuð lausn fyrir einn vinnustað heldur sem þróunarverkefni sem getur nýst víðar innan geirans. Með þátttöku margra aðila skapast betri forsendur til að þróa efni, samræma nálganir og safna sameiginlegri reynslu sem nýtist áfram.

Slík samvinna er mikilvæg á sviði sem þessu, enda er ljóst að mörg aðildarfélög glíma við svipaðar áskoranir hvað varðar mönnum, tungumálaörðugleika og dagleg samskipti. Þar geta sameiginleg verkfæri, samræmd nálgun og miðlun reynslu skipt sköpum.

Næstu skref

Á vormánuðum 2026 verður áfram unnið að prófun verkefnisins, eftirfylgni við deildir og söfnun gagna um reynslu og árangur. Stefnt er að því að vinna úr niðurstöðum prófunarfasa sumarið 2026 og móta skýra framtíðarsýn um framhald verkefnisins frá og með hausti.

Samhliða því er unnið að frekari kynningu á verkefninu og því að skýra hvaða umgjörð og fjármögnun þarf til að verkefnið geti þróast áfram og nýst fleiri aðildarfélögum SFV. Ljóst er að verkefnið hefur þegar vakið mikinn áhuga og að tækifæri eru til staðar til að byggja ofan á þá vinnu sem nú þegar er hafin.

Verkefni sem svarar raunverulegri þörf

Málbrú er dæmi um verkefni sem byggir á raunverulegri þörf innan starfsemi aðildarfélaga SFV. Verkefnið snýst ekki eingöngu um tungumálakennslu í hefðbundnum skilningi, heldur einnig um samskipti, öryggi, þátttöku og gæði þjónustu. Ávinningurinn frá Svíþjóð, þar sem áþekkt verkefni var innleitt, var aukin vellíðan starfsfólks, færri veikindadagar, minni starfsmannavelta sem allt skilar sér svo í betri þjónustu til þjónustugega en jafnframt sparnaði fyrir rekstraraðila. Í ljósi þróunar á vinnumarkaði og breyttrar samsetningar starfsmannahópa er ljóst að verkefni af þessu tagi mun skipta sífellt meira máli á komandi árum. Við þurfum að sameinast um að taka utan um starfsfólk af erlendum uppruna, aðstoða það við að aðlagast bæði tungumáli og menningu okkar Íslendinga en um leið læra af þeim og víkka sjóndeildarhring okkar allra. Þegar starfsfólki líður vel, finnst það tilheyra og skipta máli skilar það sér ávallt margfalt til baka.

SFV mun áfram styðja við þessa þróun í nánú samstarfi við aðildarfélög sín og aðra þá aðila sem koma að verkefninu.

1. gr. Nafn, heimili og varnarþing.

Nafn samtakanna er Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, skammstafað SFV. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Tilgangur

Tilgangur samtakanna er að:

- Efla samstarf aðildarfélaga, standa vörð um hagsmuni þeirra og vinna að bættum starfsskilyrðum.
- Sinna skilgreindum verkefnum hverju sinni, svo sem kjara- og persónuverndarmálum, þar á meðal að annast gerð kjarasamninga við stéttarfélög eftir umboði frá aðildarfélögum hverju sinni.
- Stuðla að árangursríku samstarfi við stjórnvöld, sveitarfélög, félagasamtök og aðra þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta.
- Að koma á framfæri við stjórnvöld og almenning afstöðu samtakanna til mála er varða hagsmuni aðildarfélaga og fylgja þeim fram.
- Að gangast fyrir upplýsinga- og fræðslustarfsemi m.a. í því skyni að stuðla að framförum og hagræðingu í starfsemi og rekstri aðildarfélaga.

3. gr. Aðild að SFV.

Aðild að samtökunum geta átt fyrirtæki, félög og/eða samtök sem starfa við velferðarþjónustu á Íslandi.

Sveitarfélagi er heimilt að sækja um aðild að samtökunum, fyrir hönd tiltekinna rekstrareiningar innan sveitafélagsins, þrátt fyrir að sá rekstur hafi ekki verið aðskilinn frá annarri starfsemi sveitarfélagsins með formlegum hætti.

Umsókn um aðild að SFV skal senda skriflega til stjórnar samtakanna. Inntökubeiðni telst samþykkt ef meirihluti stjórnar samþykkir hana. Skjóta má ákvörðun um synjun á inntökubeiðni til aðalfundar eða félagsfundar.

4. gr. Árgjöld.

Aðalfundur ákveður forsendur árgjalda til samtakanna. Árgjöld skulu taka mið af stærð og rekstrarumfangi stofnana. Árgjöldin skulu vera tvískipt og samanstanda annars vegar af grunngjaldi að samtökunum og hins vegar hlutfallsgjaldi sem tekur mið af veltu.

Hlutfallsgjald skal taka mið af tekjum aðildarfélags næstliðins árs vegna velferðarþjónustu, sem greidd er af ríkinu (eða sveitarfélögum ef sveitarfélög bera ábyrgð á þjónustunni) auk hlutdeildar sjúklings / heimilismanns í greiðslum, sem hið opinbera hefur ákvarðað. Ef hlutfallsgjaldið er ekki talið gefa rétta mynd af umfangi starfsemi aðildarfélags er hægt að ákvarða aðildargjald sérstaklega í samræmi við verklagsreglur sem stjórn setur.

Fjárhæð grunngjalds og hlutfallsgjalds getur verið misjöfn milli einstakra hópa aðildarfélaga innan samtakanna (t.d. hjá hjúkrunarheimilum og öðrum aðildarfélögum).

Þrátt fyrir framangreint er heimilt að taka ákveðna þjónustuþætti samtakanna og fjármagna sérstaklega.

Nýtt aðildarfélag greiðir aðildargjöld frá þeim degi sem aðild þess að samtökunum er samþykkt af stjórn. Aðild að samtökunum skal sagt upp með 6 mánaða fyrirvara (talið frá næstu mánaðamótum eftir að uppsögn berst) og aðildargjöld greidd út uppsagnarfrestinn.

Aðildarfélög bera ekki fjárhagslega ábyrgð á skuldbindingum samtakanna, nema hafa sérstaklega undirgengist slíka ábyrgð með samningi.

5. gr. Stjórn.

Stjórn samtakanna skal skipuð 7 fulltrúum aðildarfélaga. Formaður skal kosinn sérstaklega á aðalfundi til tveggja ára í senn, aðrir stjórnarmenn skulu einnig kosnir til tveggja ára í senn. Á hverju ári skal kjósa þrjá stjórnarmenn á aðalfundi samtakanna svo stjórnarmenn gangi ekki allir úr stjórn sama árið. Láti stjórnarmaður af embætti áður en tveggja ára tímabili lýkur er heimilt að kjósa nýjan í hans stað á aðalfundi og situr sá út kjörtímabil þess sem lætur af störfum.

6. gr. Stjórnarfundir.

Á fyrsta fundi eftir aðalfund kýs stjórn úr sínum hópi varaformann stjórnar samtakanna.

Stjórn fundar reglulega og skal formaður leggja til tímasetningu funda stjórnar. Þó er skylt að halda stjórnarfund ef 3 eða fleiri stjórnarmenn óska eftir því.

Áheyrnarfulltrúa frá Fagráði hjúkrunar samtakanna (sjá 8. gr.) skal boðið inn á stjórnarfund þrisvar sinnum á ári þar sem farið verður yfir þau faglegu mál sem eru í gangi hverju sinni á vettvangi samtakanna. Þá getur Fagráð hjúkrunar lagt til mál til umræðu á þeim stjórnarfundum. Áheyrnarfulltrúinn er bundinn sömu þagnarskyldu og stjórnarmeðlimir. Hann hefur málfrelsi og tillögurétt en ekki kosningarrétt á stjórnarfundum.

7. gr. Hlutverk og ábyrgð stjórnar

Stjórn SFV fer með fjármál, framkvæmdir og önnur málefni samtakanna og sér um að skipulag og starfsemi þeirra sé jafnan í réttu og góðu horfi.

Stjórn ræður framkvæmdastjóra SFV til að stýra starfseminni.

Stjórnin skal sjá um að eftirlit sé haft með bókhaldi og fjárreiðum samtakanna og ræður löggiltan endurskoðanda.

Að öðru leyti vísast til starfsreglna stjórnar.

8. gr. Fagráð hjúkrunar

Innan SFV skal vera starfandi samstarfsvettvangur hjúkrunarstjórnenda hjá aðildarfélögum samtakanna. Hjúkrunarstjórnendur hjá öllum aðildarfélögum samtakanna eiga rétt á að taka þátt í starfi fagráðsins. Fagráðið kýs sér árlega formann. Hlutverk fagráðsins er eftirfarandi:

- Efla fagþróun og gæði í starfsemi aðildarfélaga SFV
- Hafa frumkvæði að og vera vettvangur faglegrar umræðu um hjúkrun hjá aðildarfélögum SFV
- Vera stjórn SVF til ráðgjafar og álits um mikilvægar faglegar ákvarðanir, m.a. með því að taka til umfjöllunar/umsagnar fagleg málefni
- Koma upplýsingum frá stjórn á framfæri til forsvarsmanna hjúkrunar innan aðildarfélagana
- Standa fyrir fræðslu um fagleg málefni fyrir aðildarfélög samtakanna

9. gr. Rekstur samtakanna

Framkvæmdastjóri SFV annast daglegan rekstur samtakanna og skal fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin setur honum. Óvenjulegar, mikilvægar og stefnumarkandi ákvarðanir skal ævinlega leggja fyrir stjórn til ákvörðunar. Framkvæmdastjóri skal sitja stjórnarfundum, nema annað sé sérstaklega ákveðið og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt.

Framkvæmdastjóra er heimilt að ráða starfsmenn samkvæmt samþykki stjórnar og/eða kaupa sérfræðipjónustu, til sértækra tímabundinna verkefna, enda séu þau unnin í þágu meirihluta aðildarfélaga.

10. gr. Reikningar.

Reikningsár samtakanna er almanaksárið.

Frumeintak ársreiknings, undirritað af stjórn, framkvæmdastjóra, endurskoðanda og skoðunarmönnum skal lagt fyrir aðalfund til samþykktar.

11. gr. Aðalfundur.

Aðalfund samtakanna skal halda árlega, fyrir lok aprílmánaðar.

Rétt til setu á aðalfundi eiga formaður stjórnar og forstjóri/framkvæmdastjóri aðildarfélaga, eða fulltrúar þeirra.

Aðalfundarboð skal sent félögum með minnst tveggja vikna fyrirvara. Sending fundarboðs á póstlista SFV með rafrænum hætti (tölvupósti) telst fullnægjandi.

Á dagskrá aðalfundar er eftirfarandi:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur samtakanna lagður fram til samþykktar.
4. Lagabreytingar
5. Kosning formanns
6. Kosning annarra stjórnarmanna
7. Kosning tveggja skoðunarmanna
8. Ákvörðun forsenda árgjalda
9. Önnur mál

Á dagskrá aðalfundar má taka, sem sérstök atriði, tillögur og mál, sem berast í hendur stjórnarmanna minnst einni viku fyrir aðalfund.

Hvert fyrirtæki fer með atkvæðismagn á fundum samtakanna í samræmi við greidd aðildargjöld til samtakanna samkvæmt síðasta starfsári. Vægi atkvæða skal vera með eftirfarandi hætti:

- Aðildarfélag með tekjur að fjárhæð kr. 0 – 500.000.000 hefur 1 atkvæði.
- Aðildarfélag með tekjur að fjárhæð kr. 500.000.001 – 1.500.000.000 hefur 2 atkvæði.
- Aðildarfélag með tekjur að fjárhæð kr. 1.500.000.001 eða meira hefur 3 atkvæði.

Meirihluti atkvæða, skv. ofangreindri reiknireglu, ræður úrslitum mála.

Þegar kosið er til stjórnar ræður hlutkesti kjöri, þegar atkvæði falla jafnt.

Kosning stjórnar skal vera skrifleg, sé þess óskað.

12. gr. Félagsfundir.

Stjórnin skal boða til a.m.k. tveggja almennra félagsfunda árlega.

Boða skal til funda með að lágmarki tveggja daga fyrirvara. Halda skal félagsfund ef þriðjungur aðildarfélaga óska eftir því.

13. gr.
Lagabreytingar.

Lögum þessum verður eigi breytt nema á lögmætum aðalfundi. Heimilt er þó á aðalfundi eða framhaldsaðalfundi að vísa lagabreytingum til allsherjaratkvæðagreiðslu allra aðildarfélaga SFV.

Öll aðildarfélög geta lagt fram tillögu að lagabreytingum og skulu tillögur berast stjórn félagsins fyrir lok febrúar. Á aðalfundi er eingöngu heimilt að gera breytingartillögur við þær lagabreytingartillögur sem fylgdu fundarboði aðalfundar. Aðrar breytingartillögur verða ekki teknar fyrir. Tillögur til breytinga á lögum félagsins skulu fylgja með boðun aðalfundar.

Til þess að lagabreyting nái fram að ganga verður hún að vera samþykkt með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, sbr. 11.gr. hér að ofan varðandi vægi atkvæða.

14. gr.
Siðareglur og siðanefnd.

Siðareglur fyrir SFV og starfsreglur siðanefndar SFV skulu samþykktar á aðalfundi samtakanna. Um breytingar á þeim reglum gilda sömu ákvæði og um lagabreytingar sbr. 13. grein.

15. gr.
Slit samtakanna.

Ákvörðun um slit samtakanna eða samruna þeirra við önnur samtök eða félög verður ekki samþykkt nema 2/3 allra aðildarfélaga SFV samþykki það, sbr. 11.gr. hér að ofan varðandi vægi atkvæða.

Verði tillaga um slit samtakanna samþykkt skal boðað til sérstaks félagsslitafundar sem tekur ákvörðun um ráðstöfun eigna og greiðslu skulda. Ákvörðun um ráðstöfun eigna og greiðslu skulda skal samþykkt með 2/3 greiddra atkvæða, sbr. 11. gr. hér að ofan varðandi vægi atkvæða.

Lög þessi voru samþykkt með nýjustu breytingum á aðalfundi SFV haldinn 28. apríl 2025.

Fundarboð aðalfundar 2026

Sent með tölvubréfi þann 14. apríl 2026



Boðið er til aðalfundar Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu þriðjudaginn 28. apríl nk. kl. 13.00. Fundurinn verður haldinn í Vox Club, Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík. Gengið er inn hægra megin við aðalinngang Hilton Reykjavík Nordica.

Fundarefni samanber lög félagsins er sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Ársreikningur samtakanna lagður fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Kosning formanns
6. Kosning annarra stjórnarmanna
7. Kosning tveggja skoðunarmanna
8. Ákvörðun forsenda árgjalda
9. Önnur mál

Að loknum aðalfundarstörfum verður efnt til stefnumótunarfundar aðildarféлага SFV. Sá fundur hefst kl. 14:30. Þar verður farið yfir og rædd drög frá stjórn að nýrri stefnu SFV. Boðið verður upp á léttar veitingar milli funda.

Að teknu tilliti til fundarrýmis hefur stjórn SFV ákveðið að takmarka fjölda fulltrúa hvers aðildarfélags á stefnumótunarfundinn við þrjá einstaklinga. Þeir eru einnig velkomnir að sitja aðalfundinn, en vekjum þó athygli á að formlegur atkvæðaréttur á fundinum er í höndum þess forsvarsmanns félagsins sem situr aðalfundinn, í samræmi við 11. gr. laga SFV.

Vinsamlegast er óskað eftir að fá staðfestingu á móttöku þessa fundarboðs og upplýsingar um hverjir munu mæta á aðalfundinn og stefnumótunarfundinn með skráningu hér:

[Aðalfundur SFV og stefnumótunarfundur SFV 2026 – Fill out form](#). Athugið að við óskum vinsamlegast eftir sérstakri skráningu fyrir hvern fulltrúa aðildarfélagsins sem mætir á fundina.

Stjórnarkjör og formannskjör

Á fundinum fer fram stjórnarkjör og formannskjör í samræmi við 5. og 11. gr. laga SFV ([sjá hér](#)).

Kjörtímabil þriggja stjórnarmanna eru útrunnin og er því kosið um þau þrjú stjórnarsæti, og eru þau kjörtímabil til tveggja ára. Á þessu starfsári lét svo einn stjórnarmaður af störfum í stjórn, svo kosning mun einnig fara fram um það sæti. Vekjum athygli á að í samræmi við lög SFV er kosið um að klára kjörtímabil þess sætis. Þá er kjörtímabil stjórnarformanns einnig útrunnið og fer því fram kosning um stjórnarformann. Í heildina verður því kosið um eftirfarandi:

- Stjórnarformann
- 3 sæti stjórnarmanna til tveggja ára
- 1 sæti stjórnarmanns til eins árs



Í pósti til aðildarféлага þann 30. mars sl. var þeim frambjóðendum sem höfðu hug á því boðið að senda skrifstofu SFV upplýsingar um sig, sem myndu svo fylgja með fundarboði aðalfundar. Meðfylgjandi er skjal með kynningu á þeim frambjóðendum til stjórnar og stjórnarformanns sem sent hafa SFV slíkar upplýsingar. Við vekjum þó athygli á því að þetta er valkvætt, og enn er mögulegt að bjóða sig fram alveg þar til kosningarnar fara fram.

Þau sem hafa áhuga á að bjóða sig fram til stjórnarsetu eru hvött til að senda tölvupóst þess efnis á netfangið sigurion@samtok.is.

Breyting á 4. gr. Árgjöld.

Núverandi:

4. gr. Árgjöld.

Aðalfundur ákveður forsendur árgjalda til samtakanna. Árgjöld skulu taka mið af stærð og rekstrarumfangi stofnana. Árgjöldin skulu vera tvískipt og samanstanda annars vegar af grunngjaldi að samtökunum og hins vegar hlutfallsgjaldi sem tekur mið af veltu.

Hlutfallsgjald skal taka mið af tekjum aðildarfélags næstliðins árs vegna velferðarþjónustu, sem greidd er af ríkinu (eða sveitarfélögum ef sveitarfélög bera ábyrgð á þjónustunni) auk hlutdeildar sjúklings / heimilismanns í greiðslum, sem hið opinbera hefur ákvarðað. Ef hlutfallsgjaldið er ekki talið gefa rétta mynd af umfangi starfsemi aðildarfélags er hægt að ákvarða aðildargjald sérstaklega í samræmi við verklagsreglur sem stjórn setur.

Fjárhæð grunngjalds og hlutfallsgjalds getur verið misjöfn milli einstakra hópa aðildarféлага innan samtakanna (t.d. hjá hjúkrunarheimilum og öðrum aðildarfélögum).

Þrátt fyrir framangreint er heimilt að taka ákveðna þjónustubætti samtakanna og fjármagna sérstaklega.

Nýtt aðildarfélag greiðir aðildargjöld frá þeim degi sem aðild þess að samtökunum er samþykkt af stjórn. Aðild að samtökunum skal sagt upp með 6 mánaða fyrirvara (talið frá næstu mánaðamótum eftir að uppsögn berst) og aðildargjöld greidd út uppsagnarfrestinn.

Aðildarfélög bera ekki fjárhagslega ábyrgð á skuldbindingum samtakanna, nema hafa sérstaklega undirgengist slíka ábyrgð með samningi.

4. grein verður:

4. gr. Árgjöld.

Aðalfundur ákveður forsendur árgjalda til samtakanna. Árgjöld skulu taka mið af stærð og rekstrarumfangi stofnana. Árgjöldin skulu vera tvískipt og samanstanda annars vegar af grunngjaldi að samtökunum og hins vegar hlutfallsgjaldi sem tekur mið af veltu.

Hlutfallsgjald skal taka mið af tekjum aðildarfélags næstliðins árs vegna velferðarþjónustu, sem greidd er af ríkinu (eða sveitarfélögum ef sveitarfélög bera ábyrgð á þjónustunni) auk hlutdeildar sjúklings / heimilismanns í greiðslum, sem hið opinbera hefur ákvarðað. Ef hlutfallsgjaldið er ekki talið gefa rétta mynd af umfangi starfsemi aðildarfélags er hægt að ákvarða aðildargjald sérstaklega í samræmi við verklagsreglur sem stjórn setur.

Aðildarfélög skulu skila til SFV, fyrir lok mars á hverju ári, upplýsingum um tekjur næstliðins árs. Ef aðildarfélag skilar ekki þeim gögnum er SFV heimilt að áætla árgjöld aðildarfélags út frá öðrum forsendum. Áætlun árgjalda SFV verður ekki leiðrétt ef gögn sýna síðar að árgjöld hafi verið of- eða vanáætluð.

Fjárhæð grunngjalds og hlutfallsgjalds getur verið misjöfn milli einstakra hópa aðildarféлага innan samtakanna (t.d. hjá hjúkrunarheimilum og öðrum aðildarfélögum).

Þrátt fyrir framangreint er heimilt að taka ákveðna þjónustupætti samtakanna og fjármagna sérstaklega.

Nýtt aðildarfélag greiðir aðildargjöld frá þeim degi sem aðild þess að samtökunum er samþykkt af stjórn. Aðild að samtökunum skal sagt upp með 6 mánaða fyrirvara (talið frá næstu mánaðamótum eftir að uppsögn berst) og aðildargjöld greidd út uppsagnarfrestinn.

Aðildarfélög bera ekki fjárhagslega ábyrgð á skuldbindingum samtakanna, nema hafa sérstaklega undirgengist slíka ábyrgð með samningi.

Stjórn SFV er heimilt að víkja aðildarfélagi úr samtökunum, ef sérstök og rökstudd ástæða þykir til, og sú ákvörðun er samþykkt af 2/3 hluta stjórnarinnar.

Ef árgjald er ekki greitt á eindaga er heimilt að reikna dráttarvexti frá gjalddaga.

Stjórn SFV er heimilt að má af félagaskrá þau aðildarfélög sem hafa ekki greitt árgjöld sín til samtakanna í eitt ár eða lengur eða eru hætt störfum. Aðildarfélögum skal ætíð tilkynnt bréflega um brottvikningu úr samtökunum eða útstrikun af félagaskrá.

Úrsögn eða brottvikning leysir aðildarfélag ekki undan greiðslu áfallinna félagsgjalda.

Breyting á 5. gr. Stjórn.

Núverandi:

5. gr. Stjórn.

Stjórn samtakanna skal skipuð 7 fulltrúum aðildarfélaga. Formaður skal kosinn sérstaklega á aðalfundi til tveggja ára í senn, aðrir stjórnarmenn skulu einnig kosnir til tveggja ára í senn. Á hverju ári skal kjósa þrjá stjórnarmenn á aðalfundi samtakanna svo stjórnarmenn gangi ekki allir úr stjórn sama árið. Láti stjórnarmaður af embætti áður en tveggja ára tímabili lýkur er heimilt að kjósa nýjan í hans stað á aðalfundi og situr sá út kjörtímabil þess sem lætur af störfum.

5. grein verður:

5. gr. Stjórn.

Stjórn samtakanna skal skipuð 7 fulltrúum aðildarfélaga. Formaður skal kosinn sérstaklega á aðalfundi til tveggja ára í senn, aðrir stjórnarmenn skulu einnig kosnir til tveggja ára í senn. Á hverju ári skal kjósa þrjá stjórnarmenn á aðalfundi samtakanna svo stjórnarmenn gangi ekki allir úr stjórn sama árið. Láti stjórnarmaður af embætti áður en tveggja ára tímabili lýkur er heimilt að kjósa nýjan í hans stað á aðalfundi og situr sá út kjörtímabil þess sem lætur af störfum. Framboð til embætta formanns og meðstjórnenda skulu hafa borist skrifstofu SFV fyrir lok febrúar.

Hætti stjórnarmenn störfum hjá aðildarfyrirtæki eða ef aðildarfyrirtæki hættir starfsemi eða í SFV, missa þeir rétt til stjórnarsetu.

Breyting á 11. grein. Aðalfundur.

Núverandi:

11. gr. Aðalfundur.

Aðalfundur samtakanna skal halda árlega, fyrir lok aprílmánaðar.

Rétt til setu á aðalfundi eiga formaður stjórnar og forstjóri/framkvæmdastjóri aðildarfélaga, eða fulltrúar þeirra.

Aðalfundarboð skal sent félögum með minnst tveggja vikna fyrirvara. Sending fundarboðs á póstlista SFV með rafrænum hætti (tölvupósti) telst fullnægjandi.

Á dagskrá aðalfundar er eftirfarandi:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur samtakanna lagður fram til samþykktar.
4. Lagabreytingar
5. Kosning formanns
6. Kosning annarra stjórnarmanna
7. Kosning tveggja skoðunarmanna
8. Ákvörðun forsenda árgjalda
9. Önnur mál

Á dagskrá aðalfundar má taka, sem sérstök atriði, tillögur og mál, sem berast í hendur stjórnarmanna minnst einni viku fyrir aðalfund.

Hvert fyrirtæki fer með atkvæðismagn á fundum samtakanna í samræmi við greidd aðildargjöld til samtakanna samkvæmt síðasta starfsári. Vægi atkvæða skal vera með eftirfarandi hætti:

- Aðildarfélag með tekjur að fjárhæð kr. 0 – 500.000.000 hefur 1 atkvæði.
- Aðildarfélag með tekjur að fjárhæð kr. 500.000.001 – 1.500.000.000 hefur 2 atkvæði.
- Aðildarfélag með tekjur að fjárhæð kr. 1.500.000.001 eða meira hefur 3 atkvæði.

Meirihluti atkvæða, skv. ofangreindri reiknireglu, ræður úrslitum mála.

Þegar kosið er til stjórnar ræður hlutkesti kjöri, þegar atkvæði falla jafnt.

Kosning stjórnar skal vera skrifleg, sé þess óskað.

11. grein verður:

11. gr. Aðalfundur.

Aðalfundur samtakanna skal halda árlega, fyrir lok aprílmánaðar.

Rétt til setu á aðalfundi eiga formaður stjórnar og forstjóri/framkvæmdastjóri aðildarfélaga, eða fulltrúar þeirra.

Aðalfundarboð skal sent félögum með minnst tveggja vikna fyrirvara. Sending fundarboðs á póstlista SFV með rafrænum hætti (tölvupósti) telst fullnægjandi. Með aðalfundarboði skulu fylgja upplýsingar um framboð til stjórnar SFV.

Á dagskrá aðalfundar er eftirfarandi:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur samtakanna lagður fram til samþykktar.
4. Lagabreytingar
5. Kosning formanns
6. Kosning annarra stjórnarmanna
7. Kosning tveggja skoðunarmanna
8. Ákvörðun forsenda árgjalda
9. Önnur mál

Á dagskrá aðalfundar má taka, sem sérstök atriði, tillögur og mál, sem berast í hendur stjórnarmanna minnst einni viku fyrir aðalfund.

Hvert fyrirtæki fer með atkvæðismagn á fundum samtakanna í samræmi við greidd aðildargjöld til samtakanna samkvæmt síðasta starfsári. Vægi atkvæða skal vera með eftirfarandi hætti:

- Aðildarfélag með tekjur að fjárhæð kr. 0 – 800.000.000 hefur 1 atkvæði.
- Aðildarfélag með tekjur að fjárhæð kr. 800.000.001– 2.500.000.000 hefur 2 atkvæði.
- Aðildarfélag með tekjur að fjárhæð kr. 2.500.000.001 eða meira hefur 3 atkvæði.

Ofangreindar fjárhæðir breytast árlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs, eins og hún er birt af Hagstofu Íslands.

Formaður og meðstjórnendur skulu kosnir í skriflegri eða rafrænni atkvæðagreiðslu. Aðrar atkvæðagreiðslur skulu að jafnaði fara fram með handauppréttingu. Þó skal viðhafa skriflega eða rafræna atkvæðagreiðslu ef einhver atkvæðisbærra fundarmanna krefst þess.

Kjörstjórn skal kosin af aðalfundi til að fara með talningu atkvæða. Í kjörstjórn má ekki kjósa fulltrúa frá sama aðildarfélagi og er í framboði. Framkvæmdastjóri og starfsmenn SFV eru gjaldgengir til setu í kjörstjórn.

Meirihluti atkvæða, skv. ofangreindri reiknireglu, ræður úrslitum mála.

Þegar kosið er til stjórnar ræður hlutkesti kjöri, þegar atkvæði falla jafnt.

~~Kosning stjórnar skal vera skrifleg, sé þess óskað.~~

Greinargerð með tillögum að lagabreytingum 2026

Almennt

Starfsemi SFV hefur breyst nokkuð undanfarin ár og þótti tilefni til að fara í endurskoðun á einstaka ákvæðum laganna. Umfang og verksvið samtakanna hefur aukist umtalsvert og komu í ljós nokkur atriði sem nauðsynlegt er að löggin nái yfir.

Eftirfarandi breytingar stafa annars vegar frá vinnuhópi um fyrirkomulag kosninga SFV og hins vegar yfirferð stjórnar á fyrirkomulagi árgjalda SFV.

Breytingar sem stafa frá vinnuhópi um fyrirkomulag kosninga SFV

Á síðasta aðalfundi SFV var eftirfarandi samþykkt (texti úr fundargerð aðalfundar 2025):

c. Tillaga stjórnar að ályktun aðalfundar um fyrirkomulag kosninga SFV.

Fundarstjóri gefur varaformanni stjórnar SFV, Karli Óttari Einarssyni, orðið og kynnir hann tilurð þessarar ályktunar. Í sögu samtakanna hafa ekki farið fram margar kosningar og lög samtakanna gefa afar takmarkaðar leiðbeiningar um framgang kosninga. Stjórn leggur því fram eftirfarandi ályktun.

„Fyrirkomulag stjórnarkjörs er lítið ávarpað í lögum samtakanna. Heppilegra er ef að ítarlegri reglur um fyrirkomulag stjórnarkjörs, framkvæmd og framboð væru til staðar. Aðalfundur samþykkir að stofna sérstakan vinnuhóp á vettvangi samtakanna sem að fulltrúar allra aðildarfélaga hafa möguleika á að skipa fulltrúa í sem að leggur fyrir næsta aðalfund ítarlegri reglur um stjórnarkjör.“

Fundarstjórinn óskar eftir spurningum frá fundarmönnum um tillöguna en engar berast.

Fundarstjóri ber tillöguna undir fundarmenn. Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu og er tillagan samþykkt samróma.

Í samræmi við þessa aðalfundarsamþykkt, þá óskaði stjórn eftir tilnefningum í vinnuhóp um fyrirkomulag kosninga SFV þann 23. janúar sl. Alls bárust þrjár tilnefningar: Eybjörg Hauksdóttir frá ESH, Karl Óttar Einarsson frá Grundarheimilunum, Ólöf Árnadóttir frá Reykjalandi. Þá starfaði með hópnum Gunnhildur Erla Kristjánsdóttir, aðstoðarframkvæmdarstjóri SFV.

5. gr. Stjórn.

Þykir rétt að leggja til að óskað verði eftir framboðum fyrir febrúar ár hvert. Öllum er frjálst að bjóða sig fram en það skal gert innan þessa tímamarka. Er það lagt til svo stjórn SFV hafi þá möguleika á að bregðast við ef engin framboð berast fyrir þann tíma. Auk þess er lagt til að framboðum verði skilað á skrifstofu SFV.

Þá er jafnframt lagt til að ef stjórnarmenn hætti störfum hjá aðildarfélagi þá missi þeir sjálfkrafa rétt til stjórnarsetu.

11. gr. Aðalfundur

Lagt er til, með vísan til breytingartillagna í 5. gr., að með aðalfundarboði fylgi upplýsingar um framboð, enda berist framboð skrifstofu SFV fyrir febrúar ár hvert.

Þá er einnig lagt til að kosning stjórnar sé skrifleg eða rafræn, enda geta atkvæðisbærir fundargestir setið fundi rafrænt. Aðrar atkvæðagreiðslur skulu að jafnaði fara fram með handauppréttingu, þó er lagt til að viðhafa skuli skriflega eða rafræna atkvæðagreiðslu ef einhver atkvæðisbærra fundarmanna krefst þess. Auk þess er lagt til að kjörstjórn sé kosin af aðalfundi til að fara með talningu atkvæða. Þykir rétt að leggja til að í kjörstjórn megi ekki kjósa fulltrúa frá sama aðildarfélagi og er í framboði. Framkvæmdastjóri og starfsmenn SFV eru gjaldgengir til setu í kjörstjórn.

4. gr. Árgjöld

Í lögum samtakanna er ekki fjallað um hvað skuli gert ef aðildarfélag stendur ekki skil á árgjöldum sínum. Mikilvægt er að SFV hafi skýrt verklag þegar slík staða kemur upp og heimildir til að bregðast við þeirri stöðu. Er því lagt til að við ákvæðið sé bætt þeirri heimild að ef árgjald er ekki greitt á eindaga sé heimilt að reikna dráttarvexti frá gjalddaga, líkt og á við um flestar kröfur. Slíkt ákvæði gefur aðildarfélögum enn meiri hvata en ella til að standa skil á árgjöldum sínum. Auk þess er lagt til að stjórn SFV hafi heimild til að taka þau aðildarfélög af félagaskrá samtakanna sem hafa ekki greitt árgjöld í eitt ár eða lengur. Nauðsynlegt þótti líka að bæta við heimild til að afmá þau aðildarfélög af félagaskrá sem ekki eru lengur í rekstri.

Aðildarfélag hefur heimild til að segja upp aðild, skv. 5. mgr. 4. gr., laganna en SFV hafa ekki heimild til að segja aðildarfélagi upp. Þótti mikilvægt að koma þeirri heimild fyrir í lögum samtakanna og því er sú viðbót lögð til.

Aðildarfélög skulu skila til SFV, fyrir lok mars á hverju ári, upplýsingum um tekjur næstliðins árs. Ef aðildarfélag skilar ekki þeim gögnum hefur SFV engar forsendur til að áætla árgjöld. Mikilvægt er að SFV hafi heimild að áætla árgjöld aðildarfélags út frá öðrum forsendum og er því lögð fram sú tillaga.

11. gr. Aðalfundur

Samkvæmt núverandi ákvæði er atkvæðismagn aðildarféлага á fundum samtakanna í samræmi við greidd aðildargjöld til samtakanna skv. síðasta starfsári. Viðmiðunarfjárhæðir í ákvæðinu hafa staðið óbreyttar sl. 9 ár, eða frá því þær komu inn í lög samtakanna í apríl 2017. Rétt þykir að leggja til að fjárhæðirnar verði uppreiknaðar miðað við vísitölu neysliverðs, svo þær byggi enn á sömu forsendum og þær gerðu 2017. Stjórn tók ákvörðun um fjárhæðirnar í ákvæðinu út frá þeim útreikningum.

Jafnframt þykir nauðsynlegt að bæta við ákvæðið að fjárhæðir breytist árlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs, eins og hún er birt af Hagstofu Íslands.

Reykjavík, 14. apríl 2026

Ársreikningur Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2025

RAFÆNT UNDIRRITAD
María Fjóra Harðardóttir
Kt. 2512753359
Dags. 24.4.2026 15:16:23
Ástæða: Formaður stjórnar

RAFÆNT UNDIRRITAD
Anna Birna Jensdóttir
Kt. 1712584809
Dags. 24.4.2026 16:38:04
Ástæða: Skoðunarmaður

RAFÆNT UNDIRRITAD
Lilja Einarsdóttir
Kt. 0402734849
Dags. 24.4.2026 19:57:54
Ástæða: Stjórnarmaður

RAFÆNT UNDIRRITAD
Ingibjörg Ólafsdóttir
Kt. 2605647819
Dags. 24.4.2026 15:33:54
Ástæða: Skoðunarmaður

RAFÆNT UNDIRRITAD
Ásgerður Theodóra Björnsdóttir
Kt. 2408594409
Dags. 24.4.2026 16:57:07
Ástæða: Stjórnarmaður

RAFÆNT UNDIRRITAD
Sveinn Rúnar Reynisson
Kt. 0305744279
Dags. 24.4.2026 20:04:17
Ástæða: Endurskoðandi

RAFÆNT UNDIRRITAD
Eybjörg Helga Hauksdóttir
Kt. 3004825899
Dags. 24.4.2026 15:50:13
Ástæða: Stjórnarmaður

RAFÆNT UNDIRRITAD
Halla Thoroddsen
Kt. 2408773339
Dags. 24.4.2026 16:58:01
Ástæða: Stjórnarmaður

RAFÆNT UNDIRRITAD
Karl Óttar Einarsson
Kt. 1607892989
Dags. 24.4.2026 16:02:18
Ástæða: Stjórnarmaður

RAFÆNT UNDIRRITAD
Sigurjón Norberg Kjærnestad
Kt. 0311852389
Dags. 24.4.2026 17:34:35
Ástæða: Framkvæmdastjóri

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu

Ársreikningur 2025

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu

Kalkofnsvegi 2
101 Reykjavík

Kt. 560502-6720

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun endurskoðanda	4
Áritun skoðunarmanna	5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstremisýfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Markmið Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu er að efla samstarf aðildarfélaga, standa vörð um hagsmuni þeirra og vinna að bættum starfsskilyrðum.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og íslenskar reikningsskilavenjur.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri 8,3 millj. kr. á árinu 2025. Eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam 25,7 millj. kr. Stöðugildi voru 4 að meðaltali á árinu.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samtakanna í árslok, rekstrarárangri á árinu og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2025 með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykka ársreikninginn.

Reykjavík, 24. apríl 2026.

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu fyrir árið 2025 byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða samtökin við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda samtakanna.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 24. apríl 2026.

Advant endurskoðun ehf.

Sveinn Reynisson
endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir, félagskjörnir skoðunarmenn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu höfum yfirfarið ársreikning samtakana fyrir árið sem endar 31. desember 2025 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 24. apríl 2026.

Skoðunarmenn:

Rekstrarreikningur 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Árgjöld aðildarfélaga		90.355.228	86.600.000
Aðrar tekjur		4.500.000	9.000.000
		<u>94.855.228</u>	<u>95.600.000</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	67.744.350	63.912.614
Aðkeypt þjónusta		7.485.594	29.206.180
Annar rekstrarkostnaður		12.615.205	10.845.654
		<u>87.845.149</u>	<u>103.964.448</u>
Rekstrarhagnaður -(tap)		7.010.079	(8.364.448)
Vaxtatekjur		1.964.192	2.804.545
Vaxtagjöld og þjónustugjöld		(686.325)	(958.201)
		<u>1.277.867</u>	<u>1.846.344</u>
Hagnaður (tap) ársins	5	<u>8.287.946</u>	<u>(6.518.104)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Aðrar skammtímakröfur		798.465	0
Útistandandi aðildargjöld		9.301.513	2.418.618
Handbært fé		48.551.973	53.273.288
Veltufjármunir samtals		<u>58.651.951</u>	<u>55.691.906</u>
Eignir samtals		<u><u>58.651.951</u></u>	<u><u>55.691.906</u></u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		<u>25.683.008</u>	<u>17.395.062</u>
Eigið fé 5		<u>25.683.008</u>	<u>17.395.062</u>
Skammtímaskuldir			
Inneign aðildarfélaganna vegna persónuverndarverkefnis	4	13.127.142	14.761.754
Fyrirframinnheimtar tekjur		4.500.000	9.000.000
Aðrar skammtímaskuldir		<u>15.341.801</u>	<u>14.535.090</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>32.968.943</u>	<u>38.296.844</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>58.651.951</u></u>	<u><u>55.691.906</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) samkvæmt rekstrarreikningi	5	8.287.946	(6.518.104)
Veltufé frá rekstri		<u>8.287.946</u>	<u>(6.518.104)</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, breyting		(7.681.360)	(1.428.618)
Skammtímaskuldir, breyting		<u>(5.327.901)</u>	<u>13.398.309</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda		<u>(13.009.261)</u>	<u>11.969.691</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>(4.721.315)</u>	<u>5.451.587</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(4.721.315)	5.451.587
Handbært fé í ársbyrjun		<u>53.273.288</u>	<u>47.821.701</u>
Handbært fé í árslok		<u>48.551.973</u>	<u>53.273.288</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaáðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaáðferðum og árið áður.

2. Innlaun tekna

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2025	2024
Laun	70.098.375	65.819.638
Endurrukkuð laun persónuverndarfulltrúa	(17.890.088)	(16.552.777)
Launatengd gjöld	15.536.063	14.645.753
	<u>67.744.350</u>	<u>63.912.614</u>
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknuð í heilsársstörf	4	4

4. Persónuverndarverkefni

Útistandandi skuldbinding vegna persónuverndarverkefnis:

	31.12.2025	31.12.2024
Inneign frá fyrra ári	14.761.754	14.047.796
Greiðslur frá aðildarfélögum	20.100.000	19.300.000
Greitt af SFV vegna persónuverndarfulltrúa	(21.734.612)	(18.586.042)
	<u>13.127.142</u>	<u>14.761.754</u>

5. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:

	Eigið fé
Staða í ársbyrjun	17.395.062
Hagnaður ársins	<u>8.287.946</u>
Staða í árslok	<u>25.683.008</u>